

**SKOÐUN** Taka þarf stjórnarskrárbreytingar út úr hráskinnaleik flokkastjórnmála, skrifar Árni Páll Árnason. 11



**MENNING** Íris Hera Norðfjörð súpugerðardrottning opnar veitingastað í gamla Framsóknarhúsinu. 26



**SPORT** Aron Jóhannsson fær mikið ábyrgðarhlutverk hjá AZ Alkmaar í hollensku úrvalsdeildinni. 22






# FRÉTTABLAÐIÐ


Miðvikudagur
24. júlí 2013
172. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



### Hundrað þúsund gestir

Hjónin á Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum hafa tekið á móti eitt hundrað þúsund gestum í safni sínu. Gestir fá eiginhandaráritanir hjá Ólafi Eggertssyni bónda. 2

**Ekki meiri kaupauki** Hlutabréfagjöf Landsbankans til starfsmanna er ekki vísbending um frekari kaupauka, segir formaður bankaráðs. 2

**Fer illa um leiðsögumenn** Leiðsögumenn kvarta undan óþægilegum sætum, lélegum öryggisbeltum og þrengslum í rútum. 4

**Lítið fyrir dósirnar** Skilagjald fyrir einnota umbúðir drykkjaríláta er í sumum tilfellum meira en fjórfalt hærra í Danmörku en hér. Samt eru skilin á Íslandi um níutíu prósent. 8




10

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 14° | NA | 5 |
| Akureyri | 20° | NA | 3 |
| Egilsstaðir | 18° | A | 4 |
| Kirkjubæjarkl. | 17° | A | 5 |
| Reykjavík | 17° | NA | 3 |

**BONGÓBLÍÐA** Í dag verður hæg austlæg átt og bjartviðri en þokuloft allra austast. Hiti 13-25 stig, hlýjast inn til landsins. 4

### 2 SÉRBLÖÐ

Stöð 2 | Fólk




# Eigum met í klamydíu

Hvergi í Evrópu greinast fleiri á aldrinum 18 til 25 ára með klamydíu en á Íslandi. Íslendingar veigra sér við að nota smokk. Kynhegðun þeirra er óábyrgari en annarra Norðurlandabúa. Einkennalaus klamydíusmit oft ástæða ófrjósemisvanda.

**HEILBRIGÐISMÁL** „Staða kynsjúkdóma á Íslandi í dag er skelfileg," segir Baldur Tumi Baldursson, yfirlæknir á húð- og kynsjúkdómadeild Landspítalans.

Fleiri klamydíusmit hafa greinst á Íslandi nú í ár en á sama tíma í fyrra. Baldur hefur áhyggjur af því að margar stúlkur séu sýktar án þess að vita af því.

„Það er hópur af ungum stúlkum, allt að fimm prósent á aldrinum 18 til 25 ára, sem er með króníska klamydíu án þess að vita af því. Við erum með flestar klamydíugreiningar miðað við fólksfjölda í Evrópu," segir Baldur.

„Þetta leiðir til gríðarlegrar óhamingju þegar stúlkurnar eiga síðan í miklum erfiðleikum með að eignast börn," bætir Baldur við en bendir þó á að taka beri mælingum með fyrirvara. Þótt hér sé hæsta hlutfall klamydíusmita miðað við höfðatölu megi það líka þakka því að eftirlit með smitum sé gott hér í samanburði við önnur lönd.

Undir þetta tekur Guðrún Sigmundsdóttir, yfirlæknir á sóttvarnarsviði hjá Landlækni. „Ég efast stórlega um að við séum Evrópumeistarar í klamydíusmitum í raun, þó að við séum með svona margar greiningar," segir Guðrún.

- js/ sjá síðu 6

### Íslendingar stunda hættulegt kynlíf

Samkvæmt rannsókn Laufeyjar Tryggvadóttur faraldsfræðings frá árunum 2004 til 2005 hafði fimmta hver íslenska kona sem fædd var eftir 1973 greinst með kynfæravörtur. „Áhættukynhegðun íslenskra ungmenna í kynlífi er alltaf að færast í aukana," segir Laufey.

Í rannsókn Laufeyjar kemur fram að ungar íslenskar konur sofa nú hjá fleirum en stöllur þeirra á Norðurlöndunum. Fyrir vikið er tíðni klamydíusmita og kynfæravörtusmita hærri hér en þar.



**PRINSINN NÝFÆDDI** Katrín hertogaynja og Vilhjálmur Bretaprins leyfðu almenningi og fjölmiðlum að sjá aðeins í kollinn á nýja ríkisarfanum þegar þau héldu heim af sjúkrahúsinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Klemma í Borgarnesi:

## Sláturhús fast í aðalskipulagi

**ATVINNULÍF** Engin starfsemi fer fram í Sláturhúsi Vesturlands í Borgarnesi þótt sláturhúsið hafi verið tilbúið í tæpa fimm mánuði.

„Það er allt klárt. Við gætum gengið inn, ýtt á takka og hafist handa en þess í stað situr maður og nagar neglurnar," segir Guðjón Kristjánsson, framkvæmdastjóri Sláturhúss Vesturlands.

Ástæðan er sú að aðalskipulag sem gerði ráð fyrir íbúabyggð í Brákarey, þar sem sláturhúsið er, tók gildi skömmu áður en Sláturhús Vesturlands keypti húsið.

Borgarbyggð reyndi að breyta aðalskipulaginu en Skipulagsstofnun féllst ekki á breytinguna svo málið tefst um að minnsta kosti tvo mánuði enn. „Þá er náttúrulega sláturtíðin í september að baki svo við missum af henni," segir Guðjón.

- jse/ sjá síðu 4



**FIÐRILDI Á ÍTALÍU** Fækkun fiðrilda þykir vísbending um æ fábreyttari lífsskilyrði. NORDICPHOTOS/AFP

Áhrif breyttrar landnýtingar:

## Helmingi færri fiðrildi í Evrópu

**EVRÓPA** Undanfarna tvo áratugi hefur fiðrildum fækkað um helming í Evrópuríkjum. Þetta þykir sterk vísbending um að margar tegundir fiðrilda og annarra skordýra í Evrópu verði brátt komnar í útrýmingarhættu.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu frá umhverfisstofnun Evrópusambandsins, EEA.

Í skýrslunni segir að meginorsökina sé að finna í breyttri landnýtingu. Eftir því sem stærra landsvæði er tekið undir landbúnað dregur úr möguleikunum á fjölbreyttu lífríki. - gb






Styrkur frá bandarískum hjónum sem stefna skemmtiferðaskipi á Húsavík:

# Fjórtán þúsund dalir í hvalasafn

**HÚSAVÍK** Hvalasafnið á Húsavík fær 14.000 Bandaríkjadali, eða um 1,7 milljón króna, í styrk frá auðugum bandarískum hjónum.

Hjónin eiga ferðaskrifstofu og komu fyrst hingað til lands með einkaþotu árið 2001. Stórt skemmtiferðaskip á þeirra vegum siglir til Húsavíkur um helgina. Að sögn framkvæmdastjóra Hvalasafnsins hrifust þau strax af safninu.

„Þegar þau heyrðu af baráttu okkar við að fá til Húsavíkur beinagrind af steypireyði sem Náttúrufræðistofnun er með hjá sér núna langaði þau að hjálpa til," segir Einar Gíslason, framkvæmdastjóri Hvalasafnsins á Húsavík.

Eftir að steypireyðina rak á land á Skaga árið 2010 voru beinin þurrkuð og hreinsuð. Nokkur sveitarfélög sýna þeim áhuga.



Það var þó Hvalasafnið á Húsavík sem fyrst falaðist eftir grindinni. Undirbúningur fyrir flutning beinanna þangað hefur staðið í þrjú ár. Einar segir að féð muni koma sér einkar vel.

„Féð fer allt til verkefnisins sem snýr að því að fá steypireyðargrindina, hér á hún heima," segir Einar. Sérstök móttökuathöfn verður fyrir hjónin á sunnudag. - mlþ







## SPURNING DAGSINS



Ertu ekkert hrædd um að Aníta hlaupist að heiman?

**„Nei, hún ratar nefnilega alltaf heim að lokum.“**

Bryndís Ernstsdóttir er móðir Anítu Hinriksdóttur, Evrópu- og heimsmethafa í 800 metra hlaupi.

Ekki áform um að taka upp kaupaukakerfi í Landsbankanum í framtíðinni:

# Segir kaupaukakerfi liðna tíð

**VIÐSKIPTI** Tryggvi Pálsson, formaður bankaráðs Landsbankans, segir að tæplega eins prósents eignarhlutur starfsmanna í hlutabréfum í bankanum sé einungis tengdur uppgjöri ríkisins við gamla Landsbankann. Hann sé ekki vísbending um að tekið verði upp kaupaukakerfi í framtíðinni.

Starfsmenn Landsbankans eignuðust hlutabréfin vegna samnings um fjárhagslegt uppgjör milli ríkisins og gamla og nýja Landsbankans. Kröfuhafar gamla Landsbankans vildu að starfsmenn sem ynnu að lánamálum bankans yrðu í einhvers konar hvatakerfi. Íslenska ríkið féllst á slíkt kerfi svo lengi sem það næði til allra starfsmanna bankans.



**TRYGGVI PÁLSSON**

„Allir þeir fastráðnu starfsmenn sem unnu hjá bankanum frá því að samningurinn var gerður þangað til í mars á þessu ári fá hlut í bankanum,“ útskýrir Tryggvi. Hluturinn hafi verið reiknaður bæði út frá starfshlutfalli og launum.

Tryggvi segist persónulega vera tortrygginn á kaupaukakerfi almennt. „Ég tel að oft sé verið að launa einhverjum fáum fyrir það sem er starf margra og því sé erfitt að sníða kaupaukakerfi þannig að það sé réttlátt og taki tillit til langtímahagsmuna,“ segir Tryggvi. Ekki séu uppi áform um að taka upp slíkt kerfi í Landsbankanum. - le

Sýknaður af líkamsárás:

# Átti rétt á að verja sjálfan sig

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Suðurlands hefur sýknað karl af ákæru um líkamsárás vegna neyðarvarnarsjónarmiða. Kona sem beitti hníf í átökunum var hins vegar dæmd í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi.

Þolandi árásarinnar ruddist inn á heimili fólksins með ofbeldi, eftir að hafa fyrr sama kvöld verið vísað burt þaðan. Þykir maðurinn hafa rétt á að slá frá sér í neyð. Konan hafi hins vegar gengið of langt með því að beita hnífi. - sh



**FASTAKÚNNINN Á FÖRUM** Gísli Már Helgason fer reglulega á Kaffi París en þó er það mun skemmtilegra á sumardögum sem þessum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fyrsti alvöru sumardagurinn í Reykjavík í gær:

# Fastakúnninn fann vart sæti

**MANNLÍF Það var greinilegt að borgarbúar höfðu beðið óþreyjufullir eftir sólinni því þegar sólin lét sjá sig í gær tók miðbærinn stakkaskiptum. Setið var við hvert borð á flestum kaffi- og öldurhúsum í miðbænum þegar blaðamaður og ljósmyndari voru þar á stjá. Fastakúnninn Gísli Már Helgason var kátur með að geta loksins setið úti við. „Ég ætlaði reyndar ekki að finna sæti en þetta elskulega starfsfólk kom mér svo fyrir,“ segir hann. Á hverju túni mátti sjá fólk í sólbaði og Austurvöllur var vel nýttur í þeim tilgangi.** - jse



**LAUSIR ÚR FANGELSI** Þeir Win Thaw og Win Hla eru meðal hinna sjötíu fanga sem hafa verið látnir lausir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Búrmastjórn efnir loforð:

# Sjötíu pólitískir fangar fá frelsið

**BÚRMA, AP** Búrmastjórn hóf í gær að láta lausa 70 pólitíska fanga. Talið er þó að meira en 130 pólitískir fangar séu í haldi í landinu.

Forseti Búrma, Thein Sein, hét því á ferð sinni til Evrópu nýverið að allir pólitískir fangar í landinu fengju frelsið fyrir áramótin næstu.

Stjórnarandstæðingar segja hins vegar að enn sé verið að handtaka fólk fyrir að taka þátt í mótmælum. - gb



**BÖRN** Fjölga á plássum í Seljahverfi.

Allir fá inni í leikskóla:

# Ekki öll börn fá óskaplássið sitt

**REYKJAVÍKURBORG** Ekki er útlit fyrir að öll þau 1.348 börn sem fædd eru árið 2011 komist að í þeim leikskólum sem foreldrar þeirra óska helst.

Öllum börnum sem fædd eru á árinu 2011 býðst þó pláss í leikskólum borgarinnar eftir sumarleyfi. Alls losnuðu þar 1.330 pláss í leikskólunum í sumar.

Eftirspurn eftir leikskólaplássi var mest í Seljahverfi í Breiðholti. Verið að skoða möguleika á því að fjölga þar rýmum. Í fyrra reyndist erfiðast að koma öllum börnum inn á leikskólana í Vesturbæ. - mlþ

# Bóndi við jökulinn orðinn bíóstjarna

Rúmlega hundrað þúsund manns hafa heimsótt gestastofu fjölskyldunnar á Þorvaldseyri undir Eyjafjallajökli. Þar er sýnd heimildarmynd um fjölskylduna. Gestir segja bóndann vera kvikmyndastjörnu og biðja um eiginhandaráritun hans.

**MANNLÍF** „Það er mér til efs að margar íslenskar myndir hafi fengið annað eins áhorf á tveimur árum,“ segir Ólafur Eggertsson, bóndi á Þorvaldseyri undir Eyjafjallajökli. Hundrað þúsundasti gesturinn kom á gestastofu fjölskyldunnar fyrir helgi. Þar ber að líta heimildarmynd sem Ólafur gerði í samvinnu við Svein Sveinsson hjá Plús film og fjallar um raunir fjölskyldunnar í samneytinu við dyntótta náttúruna á eldfjallaslóð.

Hann renndi ekki grun í að líf fjölskyldunnar ætti eftir að taka slíkum breytingum þegar hún ákvað að setja upp gestastofu við þjóðveginn fyrir tveimur árum. Eiginkonan Guðný Valberg og dæturnar Inga Júlía og Þuríður Vala, hafa vart undan við að sinna gestum. „Það komu hérna 720 gestir um daginn, það var svolítið strembið,“ segir Ólafur. Til samanburðar má geta þess að rúmlega 111 þúsund manns sáu íslenskar bíómyndir í kvikmyndahúsum árið 2010. Allt stefnir í að í ár komi um 60 þúsund manns í Gestastofuna en það sem af er ári hafa um 40 þúsund komið þar við. Hvert safn gæti unað vel við slíkan fjölda en til samanburðar má geta þess að um 20 þúsund komu á Síldarminjasafnið allt árið 2011 og 37 þúsund allt árið 2012 á Listasafn Reykjanesbæjar.

Ólafur reynir sjálfur að hlaupa undir bagga með konu og dætrum á Gestastofunni þótt sjálfur hafi hann í mörg horn að líta því hann er bæði korn- og kúabóndi ásamt fleiru. Hann hefur ekki farið varhluta af frægðarsólinni sem þessu umstangi fylgir og játar með semingi að oft sé hann beðinn um eiginhandaráritun af gestum sem nýlokið hafa við að sjá heimildarmyndina. „Stundum veltir maður því fyrir sér hvort ekki sé nóg um. En vissulega erum við ánægð að geta frætt ferðamenn um það hvernig það er að búa og lifa í samneyti við íslenska náttúru og jafnvel lagt góðar minningar í farteskið sem ferðamennirnir taka með sér heim.“

Gestirnir hafa tekið undir þá skýringu bóndans að þörf sé á svona stað. „Þeir hafa sagt sem svo að gosið hérna hafi verið heimsatburður svo vissulega sé nauðsynlegt að þeir sem upplifðu deili þeirri reynslu,“ segir bóndinn og bíóstjarnan.

jse@frettabladid.is



**MIKIL AÐSÓKN Á GESTASTOFUNA** Það var mikill gestagangur í gær sem endranær á Gestastofunni. Í bakgrunni er repjuakur í fullum blóma. MYND/ÓLAFUR EGGERTSSON






Átta víkingafélög eru í landinu og félagar þeirra um þrjú hundruð:

# Íslenskir víkingar fara í víking

**MANNLÍF** Að minnsta kosti átta víkingafélög eru í landinu en í síðustu viku var eitt slíkt stofnað á Reykjanesi. Gunnar Víking Ólafsson, formaður Víkingafélagsins Einherja í Reykjavík, segir að hátt í þrjú hundruð manns séu í félögunum sex.

Gunnar Víking segir hátíð Einherja, Ingólfshátíðina, verða sífellt stærri. Þangað komi siglandi alla leið frá Bandaríkjunum víkingar á knerrinum Leif Ericson. Eins sé ekki loku fyrir það skotið að norskir víkingar komi hér við á drekanum Haraldi hárfagra, stærsta knerri í heimi, á Ingólfshátíðin að ári.

Í september mun Gunnar Víking fara með hlutverk Haralds harðráða Sigurðssonar Noregskonungs, sem leiddi fjölmennan her gegn Englendingum í orrustunni í Stafnfurðubryggju eða Stamford Bridge árið 1066. Hann ber engan kvíðboga fyrir því þótt örlög Noregskonungs hafi verið að fá ör í hálsinn í þeirri orrustu.

„Nei, ég er bara að reyna að létta mig svolítið því ég verð borinn þarna af velli. Ég er um einn og níutíu svo það er sjálfsagt að létta undir með fólkinu,“ segir víkingurinn kankvís. - jse



**GUNNAR VÍKING STENDUR Í STAFNI** Víkingar gera það ekki endasleppt hérlendis sem erlendis.

# 500.000 KRÓNA AFSLÁTTUR AF FERÐATÆKJUM

**Allt að 75% fjármögnun**



## CAMP-LET TJALDVAGN

**Aðeins 6 stk. eftir**



## ADRIA OG HYMER HJÓLHÝSI

**Aðeins 5 stk. eftir**




## ALINER A-HÝSI

**Aðeins 5 stk. eftir**



## SOMERSET FELLIHÝSI

**Aðeins 1 stk. eftir**

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 132179

## SVONA ERUM VIÐ



**400** **hektarar af grasi eru slegnir í Reykjavíkurborg yfir sumarið.**

**Það jafngildir því að slegnir séu ríflega 500 fótboltavellir.**

Slegnar verða þrjár til fjórar umferðir á helstu grasblettunum en oftar í almenningsgörðum.

Sláturhús í Borgarnesi sem endurhannað hefur verið í samvinnu við Matvælastofnun fær ekki leyfi:

# Nýtt sláturhús fast í gömlu aðalskipulagi

**ATVINNULÍF** Ekki fæst leyfi til að vinna í sláturhúsi í Borgarnesi þótt það sé hannað í samvinnu við Matvælastofnun. Ástæðan er aðalskipulag sem aldrei kom til framkvæmda. „Það er allt klárt. Við gætum gengið inn, ýtt á takka og hafist handa en þess í stað situr maður og nagar neglurnar,“ segir Guðjón Kristjánsson, framkvæmdastjóri Sláturhúss Vesturlands.

Fyrir tæpum tveimur árum keypti Sláturhús Vesturlands gamla stórgripasláturhúsið á Brákarey í Borgarnesi og svo var hafist handa við endurgerð þess í góðu samstarfi við Matvælastofnun. Það var svo tilbúið fyrir tæpum fimm mánuðum en þá kom babb í bátinn. Þau tíðindi bárust að aðalskipulag sem gerði ráð fyrir íbúabyggð í Brákarey hefði tekið gildi mánuði áður en félagið keypti sláturhúsið. „Við vissum ekkert af þessu,“ segir Guðjón. Borgarbyggð reyndi svo að gera breytingu á aðalskipulaginu svo starfsemi gæti hafist í sláturhúsinu en Skipulagsstofnun féllst ekki á þá breytingu. Guðjón segir að úr því sem komið er geti það tafist um tvo til tvo og hálfan mánuð að fá breytinguna í gegn. „Þá er náttúrlega sláturtíðin í september að baki svo við missum af því,“ segir hann. - jse



**ENDURGERT SLÁTURHÚS Í BRÁKAREY** Allt er til reiðu í húsinu, sem áður var stórgripasláturhúsið í Borgarnesi, nema leyfið, sem er flækt í kerfinu.



**TRYGGINGASTOFNUN** Skekkja í lífeyri er oftast undir hundrað þúsund krónum.

Tryggingastofnun ríkisins:

## Borguðu 51 þúsundi lífeyri

**TRYGGINGAMÁL** Minni frávik en áður eru í greiðslum Tryggingastofnunar til lífeyrisþega. Þetta kemur fram í tilkynningu frá stofnuninni, sem senda mun lífeyrisþegum endurútreikning sem tryggja á að allir fái réttar bætur lögum samkvæmt. „Inneignir verða greiddar út 1. ágúst og innheimta krafna hefst 1. september,“ segir Tryggingastofnun, sem kveður kröfur vegna greiðslna umfram rétt í langflestum tilvikum vera innan við 100 þúsund krónur á ársgrundvelli. Sama gildi um inneignir vegna vangreidds lífeyris. - gar

Skilorð vegna tafa og aldurs:

## Átján mánuðir fyrir nauðgun

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Suðurlands dæmdi í gær ungan mann í átján mánaða fangelsi fyrir að hafa árið 2009 nauðgað ungri stúlku sem svaf áfengissvefni á heimili hans.

Fimmtán mánuðir refsingarinnar voru skilorðsbundnir, annars vegar vegna þess hversu mjög málið dróst og hins vegar vegna þess að maðurinn var einungis nítján ára þegar hann framdi brotið. Honum er jafnframt gert að greiða stúlkunni 800 þúsund krónur í miskabætur. - sh

# Leiðsögumenn segja aðstöðu í rútum ekki vera boðlega

Leiðsögumenn kvarta undan vinnuaðstöðu í rútum. Óþægileg sæti, léleg öryggisbelti og þrengsli eru meðal umkvörtunarefna. Vinnueftirlitið skoðar málið. Forsvarsmenn rútufyrirtækja kannast ekki við lýsingarnar.

**FERÐAÞJÓNUSTA** Leiðsögumenn telja aðstæður sem þeim er boðið upp á í rútum óviðunandi og krefja rútufyrirtækin um úrbætur. Vinnueftirlitið hvetur fyrirtæki í ferðaþjónustu til að fara yfir vinnuaðstæður í bílum.

„Sumar rútur eru einfaldlega allt of þröngar fyrir leiðsögumennina. Það er ekki gert ráð fyrir því að leiðsögumennirnir hafi lappir, hvað þá að þeir hafi gögn með sér,“ segir Örvar Már Kristinsson, formaður Félags leiðsögumanna.



**KRISTJÁN DANÍELSSON**



**ÞÓRIR GARÐARSSON**

„Öryggisbeltin ná oft bara yfir mjaðmirnar í stað þess að vera þriggja punkta,“ segir Örvar. Þá séu sætin, sem oft eru samanleggjanleg, mörg þannig að þau myndu ekki teljast boðleg skrifstofufólki í heilan dag, hvað þá leiðsögumönnum sem hossast um misjafna vegi langa vinnudaga.

Þá sé það þreytandi til lengdar að þurfa að halda á hljóðnema til að tala við farþegana í stað þess að vera með handfrjálsan búnað. Örvar segir einnig óþægilegt að hafa ekki spegla til að sjá farþegana án þess að snúa sér í sætinu.

Örvar bendir á að gjarnan sé vel hugsað um aðstöðu bílstjóra, sem sitja margir á sérstökum loftpúðasætum, en leiðsögumennirnir virðast gleymast.

„Ég tel að það ætti ekki að vera erfitt að bæta úr þessu. Ef vinnulöggjöfin segir að fólk eigi að hafa mannsæmandi aðstöðu þá verða rútufyrirtækin að laga þetta,“ segir Örvar. „Ég hef fulla trú á því að rútufyrirtækin hafi mikinn áhuga á að breyta aðstöðu leiðsögumanna og koma til móts við kröfur þeirra.“

„Við höfum ekki fengið þessar kvartanir,“ segir Kristján Daníelsson, framkvæmdastjóri rútufyrirtækisins Kynnisferða. Hann segir að haldnir séu reglulegir fundir með bílstjórum og leiðsögumönnum og þetta hafi ekki komið upp á þeim fundum.

Þórir Garðarsson, talsmaður rútufyrirtækisins Allrahanda, segir rútuflota fyrirtækisins mikið endurnýjaðan og að í rútunum sé pláss fyrir leiðsögumenn eins og Evrópustaðlar kveða á um.

Í bréfi sem Vinnueftirlitið hefur sent fyrirtækjum í ferðaþjónustu, samtökum atvinnurekenda og stéttarfélögum er fyrirtæki í ferðaþjónustu hvött til að fara yfir vinnuaðstöðu bílstjóra og leiðsögumanna til að tryggja öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi.




**ÞRENGSLI** Leiðsögumenn kvarta yfir skorti á fótaplássi, óþægilegum sætum og því að bílbelti fyrir þá séu oft verri en fyrir aðra farþega. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Það er ekki gert ráð fyrir því að leiðsögumennirnir hafi lappir, hvað þá að þeir hafi gögn með sér.**

*Örvar Már Kristinsson*
*formaður Félags leiðsögumanna*

„Þetta er fyrsta skrefið en við munum í framhaldinu fara yfir hvað þarf að gera,“ segir Þórunn Sveinsdóttir, deildarstjóri þróunar- og eftirlitsdeildar Vinnueftirlitsins.

brjann@frettabladid.is




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**SUMAR UM ALLT LAND** Blíðan mun vera hér áfram næstu daga og ekki ólíklegt að helgin muni bjóða upp á almennilegt sumarveður. Það kólnar þó um nokkur stig á laugardag og má gera ráð fyrir síðdegisskúrum.




**Á morgun**
Hæg breytileg átt.




**Föstudagur**
Vestan 3-8 m/s. Stöku síðdegisskúrir.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 31° | Billund | 23° | Gautaborg | 23° | London | 26° | Orlando | 30° | San Francisco | 19° |
| Basel | 31° | Frankfurt | 29° | Kaupmannahöfn | 23° | Mallorca | 30° | Ósló | 27° | Stokkhólmur | 24° |
| Berlín | 29° | Friedrichshafen | 29° | Las Palmas | 25° | New York | 29° | París | 27° | | |



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sigurður Helgi Grímsson sigurdurhg@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is
**FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# BÍLA KAFFI

## VERIÐ VELKOMIN AÐ REYNSLUAKA NÝJUM BÍL HJÁ OKKUR Í DAG




**NISSAN QASHQAI DÍSIL**
**4.990 þús. kr.**

Vinsælasti fjórhjóladrifni bíll landsins.

Eldsneytisnotkun frá **4,6 l/100 km***

DÍSIL




**RENAULT MEGANE DÍSIL**
**3.290 þús. kr. beinskiptur**

3.590 þús. kr. sjálfskiptur dísil.
Lægsti $CO_2$ útblástur í flokknum 90 g/km.

Eldsneytisnotkun frá **3,2 l/100 km***

FRÍTT Í STÆÐI Á MIÐBORGARSVÆÐINU

DÍSIL




**SUBARU XV SJÁLFSKIPTUR**
**5.390 þús. kr.**

Nýr sparneytinn Subaru með fullkomið fjórhjóladrif, bakkmyndavél og „start/stopp" búnað á vél.

Eldsneytisnotkun frá **5,5 l/100 km***

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðenda um eldsneytisnotkun í langkeyrslu

ENNEMM / SÍA / NM58538

B|L

Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

**Bílahúsið**
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
421 8808

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hversu margir starfsmenn réttargeðdeildar Landspítalans voru áminntir fyrir að sinna ekki skyldum sínum?
**2.** Hvað heitir norska konan sem dæmd var í fangelsi í Dúbaí eftir að hafa verið nauðgað?
**3.** Hvað heitir fyrsta bókin í þríleik Jonas Gardell sem þýdd hefur verið á íslensku?

**SVÖR:**

1. Sex. 2. Marte Deborah Dalelv. 3. Ástin.

## HEIMURINN




### Framsal hindrað

**1** **HOLLAND** Áfrýjunardómstóll í Hollandi kom í veg fyrir að maður, sem Bandaríkin gruna um tengsl við hryðjuverkamenn, verði framseldur til Bandaríkjanna. Maðurinn, sem nefndur er Sabir K., var handtekinn í Pakistan árið 2010 en vísað úr landi til Hollands árið eftir. Hann er með tvöfalt ríkisfang, pakistanskt og hollenskt. Hann segist hafa mátt þola pyntingar meðan hann var fangi í Pakistan.

### Flugskeytatilraunir í frosti

**2** **NORÐUR-KÓREA** Gervihnattamyndir sýna að uppbygging á tilraunastöð með ný flugskeyti í Norður-Kóreu hefur legið niðri í átta mánuði. Myndirnar sýna að vegaframkvæmdir þar hafa stöðvast og gras er byrjað að gróa í grunni nýrrar byggingar, sem nota átti til að smíða ný og stærri flugskeyti. Þetta ættu að vera góðar fréttir fyrir þá sem óttast flugskeyta- og kjarnorkutilraunir Norður-Kóreu. Óvíst er þó, sem fyrr, um fyrirætlanir stjórnvalda þar.

### Páfinn brosir í Brasilíu

**3** **BRASILÍA** Frans páfi hefur brosað breitt í fyrstu heimsókn sinni til Brasilíu. Hann vill nota ferðina til að styrkja trú landsmanna á kaþólsku kirkjuna. Almenningur flykktist til að taka á móti páfanum og sumir réðu sér varla fyrir kæti. Á mánudag komst bifreið hans hægt áfram í umferðinni í höfuðborginni Ríó de Janeiro vegna mannfjöldans. En Frans brosti því breiðar sem tafirnar urðu meiri.



**FRANS PÁFI**




**EFRAIM ZUROFF** Greiddar verða fimm þúsund evrur fyrir upplýsingar sem leiða til handtöku, aðrar fimm þúsund við sakfellingu og 150 evrur fyrir hvern dag í fangelsi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Auglýsingaherferð hafin:

## Leita síðustu nasistanna

**ÞÝSKALAND, AP** Stofnun Simons Wiesenthal hóf í gær auglýsingaherferð í nokkrum helstu borgum Þýskalands þar sem auglýst er eftir síðustu stríðsglæpamönnum nasistastjórnarinnar, sem enn kunna að vera á lífi.

„Seint, en ekki of seint,“ stendur á auglýsingaspjöldunum, þar sem fólk er hvatt til að láta vita hafi grunur vaknað.

„Því miður hafa mjög fáir þeirra sem frömdu glæpina þurft að gjalda fyrir það,“ segir Efraim Zuroff, yfirmaður stofnunarinnar. - gb

Átök áfram í Egyptalandi:

## Fleiri hafa látið lífið í Kaíró

**EGYPTALAND, AP** Tveggja daga átök milli stuðningsmanna og andstæðinga Múhameds Morsi höfðu í gær kostað 11 manns lífið.

Flestir létust í átökum snemma morguns hjá bækistöðvum mótmælenda, sem krefjast þess að Morsi fái forsetaembættið aftur.

Bræðralag múslíma, samtök Morsís, segja ábyrgð á átökunum liggja hjá „hrottum“ sem stjórnvöld greiði fyrir að viðhafa ofbeldi. - gb

# Klamydíusmitum fer fjölgandi á Íslandi

Í Evrópu greinast hlutfallslega hvergi fleiri á aldrinum 18-25 ára með klamydíu en á Íslandi. Kynhegðun á Íslandi er óábyrgari en á hinum Norðurlöndunum. Ófrjósemisvanda íslenskra kvenna má oft rekja til einkennalausra klamydíusmita.

**HEILBRIGÐISMÁL** „Staða kynsjúkdóma á Íslandi í dag er skelfileg,“ segir Baldur Tumi Baldursson, yfirlæknir á húð- og kynsjúkdómadeild Landspítalans.

Árið 2012 voru 1.893 klamydíusmit greind á Íslandi en fleiri smit hafa greinst nú en á sama tíma í fyrra.

Baldur hefur áhyggjur af því að margar stúlkur séu sýktar án þess að vita af því.

„Það er hópur af ungum stúlkum, allt að 5 prósent á aldrinum 18 til 25 ára, sem er með króníska klamydíu án þess að vita af því. Við erum með flestar klamydíugreiningar miðað við fólksfjölda í Evrópu,“ segir Baldur.

„Það er alveg hægt að gera grín að þessu en þetta leiðir til gríðarlegrar óhamingju þegar stúlkurnar eiga síðan í miklum erfiðleikum með að eignast börn,“ bætir hann við.

Baldur segir ungt fólk oft ekki gera sér grein fyrir því hversu alvarlegt það getur verið að fá kynsjúkdóm og kennir stjórnvöldum um að hafa dregið lappirnar við forvarnir í málaflokknum.

Kynhegðun ungs fólks er óábyrg að því leyti að ungt fólk veigrar sér við að nota smokk.

Baldur segir stöðuna ekki eins alvarlega þegar kemur að öðrum kynsjúkdómum, enda séu einkenni þeirra yfirleitt mjög áberandi og því hægt að meðhöndla þá fyrr.

Baldur segir þó að taka beri mælingum með fyrirvara og þótt á Íslandi sé hæsta hlutfall klamydíusmita miðað við höfðatölu megi það líka þakka því að eftirlit með smitum sé gott hér í samanburði við önnur lönd.

Undir þetta tekur Guðrún Sigmundsdóttir, yfirlæknir á sóttvarnarsviði hjá Landlækni. „Ég efast stórlega um að við séum Evrópumeistarar í klamydíusmitum í raun, þó að við séum með svona margar greiningar,“ segir hún.

Guðrún segir rannsóknir í málaflokknum erfiðar, bæði vegna kostnaðar og siðferðislegra álitamála. johanness@365.is



**HÚÐ- OG KYNSJÚKDÓMADEILD** Klamydía er algengur kynsjúkdómur á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Íslendingar taka meiri áhættu í kynlífi

Í rannsókn sem Laufey Tryggvadóttir faraldsfræðingur gerði á árunum 2004 til 2005 kemur fram að fimmta hver kona sem fædd er eftir 1973 hefur greinst með kynfæravörtur. Þróunin sé sú að íslensk ungmenni eiga æ fleiri rekkjunauta.

„Áhættukynhegðun íslenskra ungmenna í kynlífi er alltaf að færast í aukana. Það segir sig sjálft að eftir því sem þú sefur hjá fleirum aukast líkurnar á að þú lendir á einhverjum með kynsjúkdóm,“ segir Laufey.

Í rannsókn Laufeyjar kemur fram breyting á kynhegðun ungra kvenna. Ungar íslenskar konur sofa nú hjá fleirum en stöllur þeirra á hinum Norðurlöndunum og fyrir vikið er tíðni klamydíusmita og kynfæravörtusmita hærri hér en þar.





> „Ég efast stórlega um að við séum Evrópumeistarar í klamydíusmitum í raun, þó að við séum með svona margar greiningar.“
>
> *Guðrún Sigmundsdóttir yfirlæknir á sóttvarnarsviði hjá Landlækni*



**MARTIN E. DEMPSEY** Segir Bandaríkjamenn þurfa að draga lærdóm af reynslu síðustu tíu ára. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Varar við inngripi í Sýrlandi:

## Gæti styrkt öfgamenn

**BANDARÍKIN, AP** „Við verðum að gera ráð fyrir og vera búin undir óviljandi afleiðingar aðgerða okkar,“ segir Martin E. Dempsey, yfirmaður bandaríska herráðsins, í bréfi til formanns bandarískrar þingnefndar. Þar ræðir hann möguleika Bandaríkjanna á að grípa inn í borgarastyrjöldina í Sýrlandi.

Hann varar sérstaklega við því að hernaður til stuðnings uppreisnarmönnum geti orðið til þess að styrkja öfgamenn, ekki síst ef stjórn Bashirs al Assad forseta fellur án þess að önnur öfl séu tilbúin til að taka við stjórn landsins. - gb

Vegabréfalög dæmd ógild:

## Ekki skráður fæddur í Ísrael

**BANDARÍKIN, AP** Bandarískur áfrýjunardómstóll hefur vísað á bug lögum frá árinu 2002 sem heimila bandarískum ríkisborgurum, fæddum í Jerúsalem, að skrá Ísrael sem fæðingarland sitt.

Bandaríkin hafa aldrei viðurkennt yfirráðarétt Ísraelsstjórnar í Jerúsalem. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að það væri einungis á valdi forseta Bandaríkjanna að viðurkenna fullveldi ríkja. Lögin brjóti því gegn þessu valdi forsetans.

Foreldrar drengs sem fæddist í Jerúsalem þurfa því að una þeim úrskurði að skráður fæðingarstaður hans í vegabréfinu verði Jerúsalem, ekki Ísrael. - gb


ED DU MED DÍBBLAD NEB?




ÁN ROTVARNAREFNA

Þarftu að losa um stífluna?

Notaðu **Nezeril** og andaðu léttar.

**Nezeril** 0,1 mg/ml, 0,25 mg/ml og 0,5 mg/ml nefúði, lausn. 1 ml inniheldur: Oximetazolinhýdróklóríð 0,1 mg, 0,25 mg eða 0,5 mg. **Notkun**: Nezeril er notað gegn einkennum eins og nefrennsli, bólgum í nefslímhúð og nefstíflu vegna kvefs eða skútabólgu (sinusitis), eða sem stuðningsmeðferð við miðeyrnabólgu og ofnæmisbólgum í nefi. Ekki skal nota Nezeril ef þekkt er ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefni þess. **Skömmtun**: Börn frá 7 mánaða - 0,1 mg/ml, 2 úðar í hvora nös 2-3 sinnum á sólarhring. 2 úðar í hvora nös 2-3 sinnum á sólarhring. Börn frá 2 ára – 0,25 mg/ml, 1 úði í hvora nös 2-3 sinnum á sólarhring. Börn frá 7 ára – 0,25 mg/ml, 2 úðar í hvora nös 2-3 sinnum á sólarhring. Fullorðnir og börn frá 10 ára – 0,5 mg/ml: 2 úðar í hvora nös 2-3 sinnum á sólarhring. Nezeril má mest nota í 10 daga samfleytt. **Varnaðarorð**: Segið lækni frá því ef einhverjir aðrir sjúkdómar eru til staðar, sérstaklega hjartasjúkdómar, ofstarfsemi skjaldkirtils eða gláka (þrönghornsgláka), áður en byrjað er að nota Nezeril. Lesið vandlega leiðbeiningar um notkun lyfsins í fylgiseðli. **Fulltrúi markaðsleyfishafa**: GlaxoSmithKline ehf. Þverholti 14, 105 Reykjavík, Ísland, Sími 530 3700. **Tilkynning um aukaverkanir**: Aukaverkanir má tilkynna á vef Lyfjastofnunar: www.lyfjastofnun.is/Aukaverkanir/tilkynna eða til GlaxoSmithKline í síma 530 3700.

DYNAMO REYKJAVÍK

# ÚTSALA

## ENN MEIRI AFSLÁTTUR!

# 50%

## TIL

# 70%

## AFSLÁTTUR

af fatnaði, skóm og heimilisvöru

24 Hagkaup

**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

og á Akureyri
í sumar!

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

Áskrifendum Netflix hefur fjölgað um eina og hálfa milljón á þessu ári:

# Tvöföldun á hlutabréfum Netflix

**VIÐSKIPTI** Áskrifendum afþreyingarfyrirtækisins Netflix hefur fjölgað um 630 þúsund í Bandaríkjunum á þessu ári og hafa hlutabréf fyrirtækisins tvöfaldast um leið. Einnig hefur fyrirtækið bætt við sig 610 þúsund áskrifendum utan Bandaríkjanna og þá aðallega í Bretlandi og Brasilíu.

Netflix er leiga á netinu sem gerir áskrifendum sínum kleift að horfa á ótakmarkað magn af sjónvarpsefni og kvikmyndum fyrir örfáa Bandaríkjadali á mánuði.

Tekjur fyrirtækisins eru nú komnar yfir einn milljarð dali á öðrum ársfjórðungi, sem samsvarar um 120 milljörðum króna.

Stóran þátt í velgengni fyrirtækisins má rekja til sjónvarpsþáttanna Arrested Development sem komu í leiguna í maí síðastliðnum. Þættirnir hafa verið langvinsælastir á leigunni síðan þá. - le



**VELGENGNI NETFLIX** Tilkoma sjónvarpsþáttanna Arrested Development á stóran þátt í velgengni Netflix. Á myndinni eru leikarar sjónvarpsþáttanna. NORDICPHOTOS/AFP



**UMBÚÐUM SKILAÐ** Endurvinnslan tekur á móti um níutíu prósentum þeirra einnota drykkjarumbúða sem seldar eru á Íslandi. Þessi skil eru með þeim bestu í heiminum. MYND/STÖÐ 2

# Skilagjald yfir ferfalt hærra í Danmörku

Allt að 357 prósenta hærri upphæð er greidd í Danmörku en hérlendis fyrir skil á einnota umbúðum. Á Íslandi er eitt gjald greitt en í Danmörku er borgað eftir stærð umbúðanna. Endurvinnslan vill fá einnar krónu hækkun á skilagjaldinu.

**UMHVERFISMÁL** Skilagjald fyrir einnota drykkjarumbúðir í Danmörku er 50 til 357 prósentum hærra í Danmörku en hér á landi, þar sem gjaldið er 14 krónur. Skilagjaldið hér á að hækka með neysluvísitölu og mun væntanlega hækka um eina krónu á næstunni.

Hér á landi er eitt gjald fyrir allar umbúðir en í Danmörku miðast gjaldið við stærð umbúðanna. Þannig fæst 21 króna fyrir gler upp að hálfum lítra og 64 krónur fyrir stærra gler, 32 krónur fyrir plast undir einum lítra og 64 krónur ef plastflaskan er stærri en eins lítra. Þá eru þrír verðflokkar fyrir álumbúðirnar, allt frá 21 krónu upp í 64 krónur.

Skilagjaldið breytist með neysluvísitölu samkvæmt lögum um Endurvinnsluna og var gjaldið 5 krónur við stofnun fyrirtækisins árið 1989.

Helgi Lárusson, framkvæmdastjóri Endurvinnslunnar, segir fyrirtækið hafa óskað eftir hækkun á gjaldinu upp í 15 krónur. Hann telur gjaldið á Norðurlöndunum ekki endilega betra en hér á landi. Þar sé reksturinn dýrari, meðal annars vegna þess að hægt sé að skila umbúðunum á mun fleiri stöðum.

„Ef við skoðum gjaldið í löndum utan Norðurlandanna þá er það svipað og hjá okkur. En vissulega gæti hærra gjald hvatt til meiri skila," segir Helgi.

En þótt gjaldið sé mun lægra hér en á hinum Norðurlöndunum eru Íslendingar duglegir að skila einnota drykkjarumbúðum til endurvinnslu. Helgi segir um 87 prósent plastumbúða og um 90 prósent álumbúða skila sér til endurvinnslu, sem sé svipað og á Norðurlöndunum og með bestu skilum í heimi.

Helgi segir að fyrirtækið gæti þolað hærra skilagjald. „Það yrði þá að koma í skrefum. Ef við myndum til dæmis hækka gjaldið í einu stökki upp í 25 krónur ættum við ekki fyrir þeim umbúðum sem koma inn til okkar. Það má þó hugsa sér hækkun í skrefum," segir Helgi.

Endurvinnslan selur um 700 tonn af áli og 1.800 tonn af plasti á ári til frekari endurvinnslu í útlöndum og er ársvelta fyrirtækisins um 260 milljónir króna. Verð á áli ræður miklu um hag fyrirtækisins en það er fremur lágt um þessar mundir. heimirp@365.is



**HELGI LÁRUSSON** Hærra skilagjald gæti hvatt til betra skila, segir framkvæmdastjóri Endurvinnslunnar. MYND/STÖÐ2

> **„Ef við myndum til dæmis hækka gjaldið í einu stökki upp í 25 krónur ættum við ekki fyrir þeim umbúðum sem koma inn til okkar.**
>
> *Helgi Lárusson, framkvæmdastjóri Endurvinnslunnar*

## Munur á skilagjaldi

| | | |
|---|---|---|
| Skilagjald á Íslandi | 14 kr. | |
| **Skilagjald í Danmörku:** | | |
| Gler upp að ½ lítra | **21 ISK** | **50%** |
| Gler yfir ½ lítra | **64 ISK** | **357%** |
| Plast undir 1 lítrar | **32 ISK** | **128%** |
| Plast yfir 1 lítra | **64 ISK** | **357%** |
| Áldósir í A-flokki | **21 ISK** | **50%** |
| Áldósir í B-flokki | **32 ISK** | **128%** |
| Áldósir í C-flokki | **64 ISK** | **357%** |


GOTT ÚRVAL

Rétti bíllinn í sumarfríið fæst hjá okkur!

Allt að 80% lánamöguleikar



Tökum notaðan uppí notaðan! Gerðu frábær kaup!

LEXUS IS250
Nýskr. 03/06, ekinn 81 þús. km. bensín, sjálfskiptur.
Rnr. 280786

Frábært verð 2.790 þús.



TOYOTA AVENSIS
Nýskr. 04/12, ekinn 9 þús. km. bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.490 þús.
Rnr.141453.



OPEL ANTARA COSMO
Nýskr. 06/09, ekinn 109 þús. km. dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.790 þús.
Rnr.270346,



LAND ROVER FREELANDER 2
Nýskr. 07/07, ekinn 104 þús km. bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.990 þús.
Rnr.270368.



NISSAN PATHFINDER
Nýskr. 06/08, ekinn 118 þús km. dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.390 þús.
Rnr.101779.



BMW 525 Xi (4x4)
Nýskr. 05/06, ekinn 69 þús. km. bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.490 þús.
Rnr.190840.



CHEVROLET MALIBU
Nýskr. 11/12, ekinn 4 þús. km. bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.690 þús.
Rnr.270297.

bílaland

Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is


SEAFOLLY
VERTU TILBÚIN
Í SÓLINA!
SPORTÍS
MÖRKIN 6 | 108 REYKJAVÍK | S:520-1000 | SPORTIS.IS

Höfum við þörf fyrir kóngafólk?

# Barn er oss fætt

Ung hjón í London, Katrín og Vilhjálmur, eignuðust barn í fyrradag. Það sama gerðu án efa þúsundir hjóna um allan heim. Af því fer litlum sögum. Nánast hver einasti fjölmiðill í heiminum hefur hins vegar fjallað um fæðingu sonar þeirra Kötu og Villa. Ástæðan er einföld: hann er ríkisarfi bresku krúnunnar. Það gerir hann sjálfkrafa að fréttamat frá því að hann tók fyrstu andköfin. Hvorki honum né foreldrum hans til mikillar ánægju reyndar en smelludólgum heimsins til gróða. Einkalíf kóngafólks og annars frægs fólks selur grimmt og smellunum fjölgar ótölulega í hvert sinn sem nýtt slúður um það birtist. Þannig gerast nú bara kaupin á fjölmiðlaeyrinni.



Friðrika Benónýsdóttir

fridrikab@frettabladid.is

Hvað veldur þessum ofuráhuga venjulegs fólks á kóngafólki er hins vegar erfitt að skýra. Hverjum er ekki sama hverjum Magdalena Svíaprinsessa giftist eða hvort Harry prins var nakinn eða í fötum í einhverju partýinu? Fáránleg spurning reyndar því svarið liggur ljóst fyrir; fólki er ekki sama. Milljónir manna um heim allan gleypa við hverjum einasta slúðurmola sem birtist og sá markaður virðist aldrei mettast. Gróa á Leiti þarf sitt slúður og ekkert múður og slúðurfréttir eru dag eftir dag og ár eftir ár mest lesnu fréttirnar á vefmiðlunum.

Fréttir af kóngafólki eru í sérflokki í slúðurfréttaflórunni. Enn þann dag í dag leikur einhver ljómi um þetta fólk í hugum fólks, meira að segja hér á Íslandi þar sem við höfum áratugum saman stært okkur af stéttlausu samfélagi. Klisjan sú er náttúrulega gróf söguföslun, en það er önnur saga. Hér er og hefur alltaf verið mikil stéttaskipting og hún er síður en svo að minnka. Sú staðreynd að aðalstign er ekki til staðar hér breytir engu um það og áhuginn á kóngafólkinu bendir til að fólk þyrsti í að búa í samfélagi þar sem nokkrir útvaldir eru „merkilegri“ en almúginn fyrir þá kosti eina að hafa fæðst inn í ákveðna fjölskyldu. Mannkostir þess, andlegt og líkamlegt atgervi eru algjört aukaatriði, um það leikur enn í dag einhver ljómi sem er angi af þeirri trú að kóngar hlytu vald sitt frá guði. Fólk vill að einhver sé merkilegri en það á sama hátt og það vill trúa því að líf þess stjórnist af einhverjum æðri mætti.

Sett í þetta samhengi verður niðurstaða kosninganna í vor skiljanlegri. Tveir drengir fæddir með silfurskeiðar í munni sem leiða flokka sem gera út á að sumir séu merkilegri en aðrir höfða til þessarar þarfar fólks og það snýr fegið baki við þeim fáránleika að allir eigi að vera jafnir og hafa jafnan rétt. Fegið að hafa skýrar línur. Það er ekki að ófyrirsynju að nafnbætur eins og kvótakóngar og útgerðaraðall hafa orðið til og tilraunir til að draga alla niður á sama plan eru dæmdar til að mistakast. Fólkið vill sína kónga og fylgir þeim í blindni jafnvel þótt í ljós komi að þeir hafi fullkomna fyrirlitningu á þessari svokölluðu alþýðu sem vinnur fyrir þá. Kóngar vilja sigla og kjósendur gefa þeim byr. Er það ekki hin rétta skipan heimsins?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is*, Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Tilfinningaböndin**

Þingmennirnir Birgitta Jónsdóttir frá Pírötum og Páll Jóhann Pálsson úr Framsóknarflokknum tókust á um hvalveiðar í Morgunútvarpi Rásar 2 í gær. Þar heyrðust fleygar setningar á borð við þessa, úr munni Páls Jóhanns: „Bændur eru með sínar skepnur og tengjast þeim tilfinningaböndum, en svo bara kemur þeirra tími. Þannig er náttúrulögmálið.“ Þetta heimfærði þingmaðurinn á veiðar á villtum stórhvelum. Þetta var sem sé frjótt samtal.



**Fiskarnir í sjónum**

Öllu verri var sú tilhneiging Páls Jóhanns að tala ítrekað um veiðar á hval sem „fiskveiðar“. „Við erum að veiða okkar fisktegundir,“ sagði Páll Jóhann og linnti ekki látum fyrr en Birgitta benti honum á að hvalurinn væri ekki fiskur. „Er hvalurinn ekki …? Nei, hvalurinn er sjávarspendýr,“ leiðrétti Páll Jóhann sig þá. Þess ber að geta að Páll Jóhann Pálsson er einn af meðeigendum stórútgerðarinnar Vísis í Grindavík. Og lesendum til upplýsingar þá eru hvalir einmitt spendýr.



**Þekkir margar**

Skemmtilegri voru yfirlýsingar flokkssystur Páls Jóhanns, þingkonunnar nýbökuðu Jóhönnu Maríu Sigmundsdóttur, um fegurðarsamkeppnir á Facebooksíðu sinni í gær. Jóhanna vandar þeim ekki kveðjurnar sem kalla þátttakendur í slíkum keppnum heilalausar, ósjálfstæðar sílikonur sem séu ljótar að innan og svelti sig. „Ég vil bara segja ykkur að ég þekki margar gullfallegar stúlkur bæði að utan og í hjartalagi, bráðgáfaðar, skemmtilegar, sílikonlausar og með mikla matarást sem hafa tekið þátt í þessari keppni,“ skrifar Jóhanna. Og hana nú.

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Hlutdrægni

FJÖLMIÐLAR



**Vilhjálmur H. Vilhjálmsson**

lögmaður eigenda Vip Club og Crystal

Að undanförnu hefur María Lilja Þrastardóttir, blaðamaður á Fréttablaðinu, skrifað hverja fréttina á fætur annarri um veitingahúsin Vip Club og Crystal. Blaðamaðurinn er harður femínisti og talskona Druslugöngunnar, sem er ekki í frásögur færandi nema vegna þess að lífsskoðanir blaðamannsins virðast þvælast fyrir henni í vinnunni með þeim afleiðingum að blaðamanninum er ómögulegt að nálgast viðfangsefnið af hlutlægni.

Af fréttum Fréttablaðsins er ljóst að allir viðmælendur blaðamannsins hafa verið valdir af kostgæfni og þess vandlega gætt að skoðanir þeirra falli að skoðunum blaðamannsins á málinu. Hafi viðmælandinn ekki kveðið nægilega fast að orði þá virðist blaðamaðurinn heldur ekki víla það fyrir sér að færa orð hans í stílinn eða hafa eitthvað eftir viðmælandanum sem viðkomandi kannast síðar ekki við að hafa sagt.

**Rangt haft eftir**

Í Fréttablaðinu, 19. júlí sl., hafði blaðamaðurinn tiltekin orð eftir framkvæmdastýru vændisathvarfsins sem framkvæmdastýran neitaði síðar að hafa viðhaft, sbr. bréf lögmanns framkvæmdastýrunnar, dags. 22. júlí sl., til greinarhöfundar, þar sem lögmaðurinn segir að umbjóðandi hans hafi aldrei fullyrt í samtali við blaðamanninn að vændisstarfsemi eða mansal væri stundað á umræddum kampavínsklúbbum og að ummælin séu ekki rétt höfð eftir umbjóðanda hans.

Í Fréttablaðinu, 23. júlí sl., birtist síðan enn ein fréttin eftir blaðamanninn. Fyrirsögn fréttarinnar var „Formaður borgarráðs dregur starfsleyfi í efa“ og undirfyrirsögn „Formaður borgarráðs segir að klúbbarnir sem um ræðir hafi ekki leyfi fyrir starfseminni sem þeir reki“.

Í fréttinni er síðan vitnað beint í Dag B. Eggertsson, formann borgarráðs, sem upplýsti að klúbbarnir hafi sótt um hefðbundið vínveitingaleyfi enda séu engin sérstök vínveitingaleyfi gefin út lengur, þ.e. leyfi fyrir annarri starfsemi en barrekstri. Hvergi í fréttinni er haft eftir formanni borgarráðs að hann dragi starfsleyfi framangreindra staða í efa. Hvað þá heldur að veitingahúsin sem um ræðir hafi ekki tilskilin rekstrarleyfi.

Fyrirsögn og undirfyrirsögn fréttarinnar sem blaðamaðurinn lætur líta út fyrir að séu hafðar beint eftir formanni borgarráðs virðast því ekki frá honum komnar. Það er einlæg von mín að blaðamaðurinn hætti að láta eigin lífsskoðanir byrgja sér sýn í starfi sínu sem blaðamaður. Lesendur Fréttablaðsins eiga það skilið.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is*
**VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Ný tækifæri til breytinga á stjórnarskrá

STJÓRNARSKRÁ



**Árni Páll Árnason**
formaður Samfylkingarinnar

Á nýafstöðnu sumarþingi staðfesti Alþingi frumvarp það til breytinga á stjórnarskrá sem ég flutti á síðasta þingi með Katrínu Jakobsdóttur og Guðmundi Steingrímssyni. Í því felst að hægt er að gera breytingar á stjórnarskrá á yfirstandandi kjörtímabili, án þess að til þingkosninga þurfi að koma. Stjórnarskrárbreyting þarf samkvæmt ákvæðinu samþykki 2/3 hluta þings og svo samþykki meirihluta í þjóðaratkvæðagreiðslu, en þó þannig að 40% kosningabærra manna þurfa að greiða tillögunni atkvæði.

Samhliða þessari samþykkt varð samstaða milli formanna stjórnmálaflokkanna um að áfram yrði unnið að stjórnskipunarumbótum á kjörtímabilinu. Forsætisráðherra mun skipa nefnd fulltrúa allra flokka, sem mun vinna tillögur áfram. Að mínu viti felast í því mikil tímamót að allir flokkar eru sammála um að í því starfi verði höfð hliðsjón af vinnu undangenginna ára: Tillögum stjórnlagaráðs og niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar, tillögum stjórnlaganefndar og vinnu stjórnarskrárnefndarinnar sem starfaði frá 2005-2007.

Hið nýja breytingarákvæði var bein afleiðing af ráðleggingum Feneyjanefndar Evrópuráðsins. Feneyjanefndin hvatti í umsögn sinni um fyrirliggjandi drög að stjórnarskrá í febrúar sl. til þess að breytingar á stjórnarskrá yrðu einfaldaðar svo hægt væri að vinna málið áfram á nýju kjörtímabili, ef ekki ynnist tími til að ljúka heildarendurskoðun stjórnarskrár fyrir síðustu þingkosningar.

### Gerbreytir viðhorfum

Nýja breytingarákvæðið gerbreytir viðhorfum á vettvangi stjórnmálanna til stjórnarskrárbreytinga. Í stað þess að menn hummi þær fram af sér fram eftir kjörtímabili og vakni svo upp við vondan draum og hefji endurskoðunarvinnu einhverjum misserum fyrir kosningar verður nú bæði rökrétt og eðlilegt að hefja strax í upphafi kjörtímabils vinnu við stjórnarskrárbreytingar. Það er líka mikilvægt að taka stjórnarskrárbreytingar út úr þeim hráskinnaleik flokkastjórnmálanna sem einkennt hefur umræðuna undanfarna áratugi.

Í aðdraganda kosninga 2007, 2009 og 2013 voru stjórnarskrárbreytingar pólitískt þrætuepli og umræðan einkenndist óþægilega mikið af tilraunum flokkanna til að koma Svarta-Pétri hver á annan: Fá þennan til að hafna auðlindaákvæði eða hinn til að sýnast standa gegn öllum breytingum. Standa gegn öllu til að skapa sér samningsstöðu. Flokkar urðu í þessum leikaraskap berir að því að hafna fyrir einar kosningar tillögum sem þeir sjálfir lögðu fram fyrir næstu kosningar á undan. Þessu rugli þarf að linna.

**➜ Flokkar urðu í þessum leikaraskap berir að því að hafna fyrir einar kosningar tillögum sem þeir sjálfir lögðu fram fyrir næstu kosningar á undan. Þessu rugli þarf að linna.**

### Það einfaldasta fyrst

Nýja breytingarákvæðið gerir mögulegt að búa til vitrænt verklag og samstillt átak um árangur. Víðtækur stuðningur við breytingarákvæðið í endanlegri atkvæðagreiðslu, þar sem 2/3 hlutar þingmanna – úr flestum flokkum – greiddu því atkvæði, lofar góðu um samvinnuvilja. Í vinnunni fram undan þarf að leggja áherslu á að vinna fyrst það sem einfaldast á að vera að ná saman um og nýta þau tækifæri sem við fáum til að efna með auðveldum hætti til þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég minni á að tvennar almennar kosningar eru áætlaðar á þessu kjörtímabili: Sveitarstjórnarkosningar í lok maí 2014 og forsetakosningar í júní 2016. Það væri vel mögulegt að Alþingi gæti afgreitt frá sér fyrsta hluta tillagna um stjórnarskrárbreytingar í vetur til afgreiðslu af þjóðarinnar hálfu samhliða sveitarstjórnarkosningunum og svo aftur næsta áfanga í tíma fyrir forsetakosningarnar 2016.

Hvað ætti að vera í þeim stjórnarskrártillögum? Um það fjalla ég í næstu grein.

# Nauðgun er svo hrikalega fyndin

SAMFÉLAGSMÁL



**Jóhanna Ýr Jónsdóttir**
framkvæmdastýra Forvarnahóps ÍBV

Hva? Þetta er bara grín!

Þetta fá margir að heyra þegar þeir segja að þeim finnist nauðgunarbrandarar ekkert fyndnir (þ.e. þessir fáu sem þora að segja það upphátt).

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

## Fjallahjólhýsi til Sölu!



Vandað kanadískt hjólhýsi til sölu, árgerð 2008. Sérstaklega framleitt fyrir veiðimenn. Mjög hátt undir botn, á stórum hjólbörðum, auðvelt til notkunar á fjöllum og yfir ár (stutt fyrir aftan hjól). Lúxushús fyrir tvo, borðsæti fyrir fimm fullorðna, sólarsella, rafmagnstenging, hljóðlaus miðstöð, ísskápur með frysti, þriggja hellu eldavél, heitt og kalt vatn, salerni, gott skápapláss og mikið geymslurými að framan. Tveir gasdunkar. Einnig innifalið Weber ferðagrill, tveir vandaðir Coleman sólstólar með viðhengdu borði og sóltjald.

**Mjög vel með farið. Bjart og fallegt hús.**
**Selst með öllum eldhúsbúnaði.**

**Staðgreiðsluverð kr.1.500.000.**
**Nánari upplýsingar: 897-2717 eða 896-4062.**


PHILIPS
SJÓNVARP SEM ER BÆÐI GÁFAÐ OG FALLEGT
Nýja Philips DesignLine SmartTV tækið er óhefðbundið sjónvarp. Bakvið glerið er einstök Ambilight tæknin, sem ásamt LED ljósum skapar takmarkalausa upplifun. Og að sjálfsögðu er mögulegt að tengjast þráðlaust og deila efni með öðrum gáfuðum tækjum á heimilinu!
PHILIPS AMBILIGHT TV - BEYOND THE ORDINARY
PHILIPS
Heimilistæki ht.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT
HAFNARGÖTU 90 REYKJANESBÆ S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 SELFOSSI S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A HÚSAVÍK S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 AKUREYRI S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 EGILSSTÖÐUM S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 REYKJAVÍK S: 569 1500




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 6 | | | | |
| 9 | 4 | | 7 | 2 | | | 3 | |
| 7 | 5 | 1 | 9 | | 4 | | | |
| | | 9 | | | 6 | | | 2 |
| 4 | 7 | | 2 | | | 1 | 9 | |
| | 8 | | 1 | 7 | | 3 | | 5 |
| | | | | 4 | | 8 | | 7 |
| 8 | | 4 | | | | 2 | | 9 |
| 1 | | | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | 8 | 1 | | 3 | | |
| | | 8 | 9 | | | | | |
| 3 | | | | 7 | 5 | | | 1 |
| 5 | 7 | 4 | | 8 | 2 | | | |
| | | | | | 4 | | 1 | |
| | 2 | | | | | | | 8 |
| 6 | | | | 2 | 9 | | | |
| 9 | 3 | 1 | 5 | | | | 7 | |
| | | | | 3 | | 5 | 6 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | | | | |
| | 4 | | | | 3 | | 1 | |
| 1 | | 7 | 8 | | | | | |
| 9 | | | 1 | | 4 | 8 | | 6 |
| | | 6 | | 5 | | | | 3 |
| | | | | | 8 | | | |
| 6 | 5 | 4 | | 8 | | | 9 | |
| 2 | | | 5 | | 9 | 4 | | |
| | | | | | 1 | | 8 | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 2 | 9 | 5 | 8 | 1 | 6 | 7 | 4 |
| 4 | 7 | 8 | 6 | 9 | 2 | 3 | 5 | 1 |
| 5 | 1 | 6 | 7 | 3 | 4 | 8 | 9 | 2 |
| 8 | 6 | 4 | 9 | 2 | 3 | 7 | 1 | 5 |
| 1 | 9 | 2 | 8 | 7 | 5 | 4 | 3 | 6 |
| 7 | 5 | 3 | 1 | 4 | 6 | 9 | 2 | 8 |
| 6 | 3 | 5 | 4 | 1 | 7 | 2 | 8 | 9 |
| 9 | 4 | 7 | 2 | 5 | 8 | 1 | 6 | 3 |
| 2 | 8 | 1 | 3 | 6 | 9 | 5 | 4 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 7 | 5 | 2 | 3 | 9 | 6 | 8 | 1 |
| 6 | 8 | 9 | 7 | 1 | 4 | 2 | 3 | 5 |
| 1 | 3 | 2 | 5 | 6 | 8 | 7 | 9 | 4 |
| 2 | 4 | 3 | 6 | 5 | 7 | 8 | 1 | 9 |
| 7 | 5 | 6 | 9 | 8 | 1 | 3 | 4 | 2 |
| 8 | 9 | 1 | 4 | 2 | 3 | 5 | 6 | 7 |
| 3 | 1 | 7 | 8 | 4 | 5 | 9 | 2 | 6 |
| 9 | 2 | 8 | 1 | 7 | 6 | 4 | 5 | 3 |
| 5 | 6 | 4 | 3 | 9 | 2 | 1 | 7 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 3 | 6 | 7 | 5 | 1 | 2 | 8 | 9 |
| 7 | 8 | 5 | 6 | 2 | 9 | 4 | 1 | 3 |
| 9 | 1 | 2 | 4 | 3 | 8 | 7 | 5 | 6 |
| 1 | 4 | 8 | 3 | 6 | 2 | 9 | 7 | 5 |
| 2 | 9 | 7 | 8 | 4 | 5 | 3 | 6 | 1 |
| 5 | 6 | 3 | 9 | 1 | 7 | 8 | 2 | 4 |
| 3 | 7 | 4 | 1 | 8 | 6 | 5 | 9 | 2 |
| 6 | 5 | 9 | 2 | 7 | 3 | 1 | 4 | 8 |
| 8 | 2 | 1 | 5 | 9 | 4 | 6 | 3 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

Pakkarskuld er eina skuldin sem auðgar.

*J.G. Gade*

## KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** á eftir, **6.** spil, **8.** lífshlaup, **9.** mærð, **11.** öfug röð, **12.** rusl, **14.** tíðindi, **16.** í röð, **17.** af, **18.** enn þá, **20.** strit, **21.** betl.

**LÓÐRÉTT**
**1.** sía, **3.** tveir eins, **4.** svelgja, **5.** málmur, **7.** slípaður, **10.** spor, **13.** dorma, **15.** nótt, **16.** húðpoki, **19.** átt.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** næst, **6.** ás, **8.** ævi, **9.** lof, **11.** on, **12.** drasl, **14.** fregn, **16.** hí, **17.** frá, **18.** enn, **20.** at, **21.** snap.
**LÓÐRÉTT: 1.** sáld, **3.** ææ, **4.** svolgra, **5.** tin, **7.** sorfinn, **10.** far, **13.** sefi, **15.** nátt, **16.** hes, **19.** na.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Dagur Arngrímsson (2384) heldur áfram að standa sig vel á opna tékkneska mótinu. Í 4. umferð vann hann hvítrússneska stórmeistarann Kirill Stupak (2511).**

**Hvítur á leik**



32. g4!–Bxg4 33. Bd2 (nú tapar svartur manni) 33...De5 33. Hxg4 Dxb2 34. Bb4 og hvítur vann sjö leikjum síðar. Dagur og Hannes Hlífar Stefánsson höfðu þrjá vinninga eftir fjórar skákir. **www.skak.is** Sjötta umferð opna tékkneska fer fram í dag.




4 LÍTRAR

Vnr. 86363041-540
KJÖRVARI pallaolía, glær, græn, hnota, fura, rauðfura eða rauðviður, 4 l.
**4.695kr.**




10 LÍTRAR

Vnr. 85551083-183
BYKO inni- og útimálning, ljósir litir, 10 l, gljástig 6.
**6.990kr.**



Vnr. 58761012
Málningarfata, 12 l.
**499kr.**



Vnr. 84100150
FIA málningarrúlla og skaft, 25 cm.
**1.850kr.**



Vnr. 84100160
FIA málningarrúlla og bakki, 25 cm.
**990kr.**

VERÐVERND BYKO
# LÆGRA VERÐ

# BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

facebook.com/BYKO.is

## VIÐARVÖRN




5 LÍTRAR

Pinotex
Vnr. 89436375-94
PINOTEX pallaolía, glær, græn, tekk eða pine, 5 l.
**4.980kr.**




3 LÍTRAR

Vnr. 80602503
Pallaolía, ljós-brúnt, 3 l.
**2.390kr.**

## ÚTIMÁLNING




4 LÍTRAR

Vnr. 86647540
KÓPAL Steintex, margir litir, 4 l.
**7.290kr.**




4 LÍTRAR

Vnr. 86270040-1140
Steinvari 2000 múr-málning á múr og stein-steypu úti, margir litir, 4 l.
**10.995kr.**

## ÞAKMÁLNING




4 LÍTRAR

málning
Vnr. 86800140-3040
Þol akrýlþakmálning, 4 l, margir litir.
**7.995kr.**




4 LÍTRAR

málning
Vnr. 86790040-2337
Þol þakmálning, 4 l, margir litir.
**5.990kr.**




4 LÍTRAR

Vnr. 86290140-7240
Steinakrýl á múr og steinsteypu úti, margir litir, 4 l.
**7.990kr.**

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa

# MENNING

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**MIÐVIKUDAGUR 24. JÚLÍ 2013**

### Tónlist

**12.00** Schola Cantorum heldur hádegistónleika í Hallgrímskirkju. Aðgangseyrir er kr. 2.000. Allir velkomnir.

**20.30** Óskar Guðjónsson saxófónleikari og hinn brasilíski söng- og gítarleikarinn Ife Tolentino leggja nú land undir fót og halda brasilíska sömbu- og bossanova-tónleika. Þeir spila í Alþýðuhúsinu á Siglufirði í kvöld kl. 20.30.

**21.00** Sænsku tónlistarmennirnir Hugo Palmsköld gítarleikari og Jan Eriksson trommuleikari halda tónleika á Café Rosenberg í kvöld. Tónleikarnir hefjast kl. 21.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*


FUDGE
Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010




**HÆTTUR** Sacha Baron Cohen er hættur við að leika í mynd byggðri á ævi Queen-söngvarans Freddie Mercury. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hættir vegna listræns ágreinings og ósættis

Sacha Baron Cohen hættur við að leika í mynd byggðri á ævi söngvarans Freddies Mercury.

Listrænn ágreiningur og ósætti við framleiðendur myndarinnar er ástæða þess að Sacha Baron Cohen er hættur við að leika í mynd byggðri á ævi Freddies Mercury, söngvara goðsagnakenndu hljómsveitarinnar Queen.

Þetta staðfestir umboðsmaður Sacha Baron Cohen í samtali við blaðið Variety. Kvikmyndin, sem gerð er í samráði við aðra hljómsveitarmeðlimi Queen, gerist á tímabilinu fram að Live Aid árið 1985, þar sem Freddie Mercury og Queen spiluðu á einum eftirminnilegustu tónleikum ferilsins.

Undirbúningur gerðar myndarinnar hafði tekið nokkur ár.

Brian May og Rodger Taylor, meðlimir hljómsveitarinnar Queen, koma til með að velja tónlist í kvikmyndina. Þar verða lög eftir Queen en einnig lög frá sólóferli Freddies Mercury.

Um þessar mundir er Sacha Baron Cohen að leggja drög að annarri kvikmynd sem byggð er á sönnum atburðum. Myndin er um auðkýfing í Hong Kong sem býður hverjum þeim karlmanni sem tekst að giftast lesbískri dóttur hans háar fjárhæðir. - ósk


Taktu 4G pung eða hnetu með í fríið!




4G pung og hnetu er hægt að nota bæði á 4G og 3G þjónustusvæði Nova. Sjá nánar á www.nova.is.

**4G pungur**

**6.990 kr.**

með þjónustusamningi í áskrift.
Fullt verði í áskrift og frelsi: **12.990 kr.**




**4G hneta**

**12.990 kr.**

með þjónustusamningi í áskrift.
Fullt verði í áskrift og frelsi: **19.990 kr.**

Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA

Þjónustusamningur í áskrift er til 6 mánaða, greitt með kreditkorti. Nánari upplýsingar á nova.is.


# Prinsinn af Cambridge

Katrín, hertogaynja af Cambridge, og Vilhjálmur prins eignuðust dreng á mánudaginn. Heimsbyggðin hefur beðið í ofvæni eftir barninu en drengurinn er númer þrjú í erfðaröð bresku krúnunnar. Veðbankar um heim allan velta nafni drengsins fyrir sér. Þeir telja líklegt að hann hljóti nafnið Georg, James eða Alexander, en Louis, Henry og Artúr eru einnig líkleg.

## ÆTTBOGI PRINSINS



**ELÍSABET**
**ENGLANDSDROTTNING**
**FÆDD 21. APRÍL 1926**
Elísabet og Philip eiga fjögur börn: Karl, Önnu, Andrew og Edward.



**PHILIP**
**HERTOGI AF EDINBORG**
**FÆDDUR 10. JÚNÍ 1921**
Philip er fæddur í Grikklandi en fjölskyldan hans er grísk og dönsk.



**KARL PRINS**
**FÆDDUR 14. NÓVEMBER 1948**
Karl giftist Kamillu hertogaynju af Cornwall árið 2005, átta árum eftir dauða Díönu.



**DÍANA PRINSESSA**
**FÆDD 1. JÚLÍ 1961**
Díana lést í bílslysi í París árið 1997. Hún lét eftir sig synina Vilhjálm og Harry.



**VILHJÁLMUR PRINS**
**FÆDDUR 21. JANÚAR 1982**
Vilhjálmur fékk þyrluflugmannsréttindi árið 2010 og starfar sem slíkur.



**KATRÍN HERTOGAYNJA**
**FÆDD 9. JANÚAR 1982**
Katrín lærði listasögu í St. Andrews-háskóla en þar kynntist hún Vilhjálmi.

**ÓNEFNDUR PRINS AF CAMBRIDGE**
**FÆDDUR 22. JÚLÍ 2013**

# Svalandi sumardrykkur




„Rabarbaradrykkurinn minn er bæði svalandi og hollur, enda án viðbætts sykurs.“

BÓNUS HAGKAUP

Fæst í verslunum Hagkaups og Bónus · www.himneskt.is

HIMNESKT

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ



**SMÁRABÍÓ** 5%

| | | |
|---|---|---|
| WOLVERINE 3D | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 14 |
| WOLVERINE 3D LÚXUS | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 14 |
| GROWN UPS 2 | KL. 5.40 - 8 - 10.10 | L |
| SKRÍMSLA HÁSKÓLINN 3D | KL. 3.20 | L |
| SKRÍMSLA HÁSKÓLINN 2D | KL. 3.20 - 5.40 | L |
| RIPD | KL. 3.20 -5.50 - 8 | 10 |
| THE HEAT | KL. 8 -10.10 | 12 |
| THIS IS THE END | KL. 10.30 | 16 |

Miðasala á: midi.is og eMiði

**HÁSKÓLABÍÓ** 5%

| | | |
|---|---|---|
| WOLVERINE 3D | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 14 |
| GROWN UPS 2 | KL. 5.40 - 8 – 10.10 | L |
| RIPD 3D | KL. 5.50 - 8 | 10 |
| PACIFIC RIM | KL. 9 | 10 |
| THE HEAT | KL. 5.30 | 12 |
| THIS IS THE END | KL. 10.10 | 16 |

**BORGARBÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| WOLVERINE 3D | KL. 8 - 10.20 | 14 |
| RIPD 3D | KL. 5.50 | 10 |
| GROWN UPS 2 | KL. 8 - 10 | L |
| THE HEAT | KL. 5.50 | 12 |

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%



**LAUGARÁSBÍÓ** Sýningartímar

| | | |
|---|---|---|
| WOLVERINE | 8, 10.10 3D | 12 |
| GROWN UPS 2 | 6, 8, 10.30 | L |
| R.I.P.D. | 8, 10 3D | 10 |
| SKRÍMSLA HÁSKÓLINN | 3.50, 6 2D | L |
| SKRÍMSLA HÁSKÓLINN | 3.50 3D | L |
| THE HEAT | 5.30 | 12 |

SAMBÍÓIN

SPARBÍÓ MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT



**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| GAMBIT | KL. 6 - 8 - 10:10 | 7 |
| PACIFIC RIM | KL. 2D: 2 3D: 5:15 - 8 - 10:45 | 12 |
| PACIFIC RIM VIP 2D | KL. 2 - 5:15 - 8 | VIP |
| MONSTERS UNIVERSITY ÍSLTAL 3D | KL. 1:20 - 3:20 | L |
| MONSTERS UNIVERSITY ÍSLTAL 2D | KL. 1 - 2 - 3:20 - 5:40 | L |
| MONSTERS UNIVERSITY ENSTAL 2D | KL. 1-3:20-5:40-8-10:20 | L |
| WORLD WAR Z 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| WORLD WAR Z VIP | KL. 10:45 | VIP |
| THE LONE RANGER | KL. 8 | 12 |
| MAN OF STEEL 2D | KL. 10:50 | 12 |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| GAMBIT | KL. 8 | 7 |
| PACIFIC RIM 3D | KL. 8 | 12 |
| MONSTERS UNIVERSITY ÍSLTAL3D | KL. 5:40 | L |
| MONSTERS UNIVERSITY ENSTAL2D | KL. 5:40 | L |
| WORLD WAR Z 3D | KL. 10:45 | 12 |
| THE LONE RANGER | KL. 10 | 12 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | | |
|---|---|---|
| THE WOLVERINE 3D | KL. 3 - 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| PACIFIC RIM | KL. 2D: 5:15 3D: 8 - 10:45 | 12 |
| MONSTERS UNIVERSITY ÍSLTAL 3D | KL. 3 - 5:40 | L |
| MONSTERS UNIVERSITY ÍSLTAL 2D | KL. 2:30 | L |
| MONSTERS UNIVERSITY ENSTAL 3D | KL. 8 | L |
| WORLD WAR Z 2D | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| THE LONE RANGER | KL. 5 - 10:20 | 12 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| GAMBIT | KL. 6:20 - 8:20 - 10:20 | 7 |
| PACIFIC RIM 2D | KL. 8 - 10:45 | 12 |
| MONSTERS UNIVERSITY ÍSLTAL3D | KL. 3:20 - 4 - 5:40 | L |
| MONSTERS UNIVERSITY ÍSLTAL2D | KL. 3:20 | L |
| MONSTERS UNIVERSITY ENSTAL3D | KL. 5:40 ÓTEXTUÐ | L |
| WORLD WAR Z 2D | KL. 10 | 12 |
| THE BIG WEDDING | KL. 8 | L |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| THE WOLVERINE 3D | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| GAMBIT | KL. 5:50 - 8 | 7 |
| PACIFIC RIM 2D | KL. 10 | 12 |
| MONSTERS UNIVERSITY ÍSLTAL3D | KL. 5:40 | L |


# Kappsfyllerí á fjöllum

**BAKÞANKAR**
Höllu Þórlaugar Óskarsdóttur



Urð og grjót; upp í mót, orti skáldið eftirminnilega beint í hjörtu þjóðarinnar svo jafnvel þeir sem alfarið halda sig fjarri fjallgöngum tengja og kinka kolli. Um helgina fór ég í fjallgöngu og með í för var tengdamóðir mín. Við höfum báðar gaman af gönguferðum. Það getur orsakað vandamál.

**ÁÐUR** en lengra er haldið skal viðurkennast að ég verð afskaplega kappsfull við minnsta tækifæri. Á fjöllum finn ég stundum hvernig þetta kapp hellist ofan í mig og fyllir mig svoleiðis að ég æði af stað. Þá hverf ég jafnframt í minn eigin heim og einbeiti mér að því hvert sé best að stökkva til að halda jafnvægi og missa ekki fótanna. Ég horfi því niður fyrir mig. Vel mér næsta stein.Tengdamóðir mín er jafnsólgin í kappsopann og ég en þarna þeysti ég fram úr henni. Það hlakkaði í mér. Ég viðurkenni það.

**SVO** þarna var ég komin, langt á undan hópnum, stökkvandi og skoppandi. Golan lék um hárið og ég hugsaði með sjálfri mér: „Svakalega er ég mikil fjallageit.“ Sem er svo sem nógu hallærislegt en varð enn kjánalegra þegar ég heyrði hróp að baki mér: „Ertu nokkuð komin í sjálfheldu?“ Þá leit ég upp. Ég var stödd í brattri hlíð og lausri möl. Minnsta hreyfing og mér skrikaði fótur. Hvernig gat þetta gerst? Ég leit aftur fyrir mig og sá að hópurinn gekk aðra leið. Á milli okkar var brött brekka og lausir steinar.

**ÞETTA** var alls ekki í fyrsta sinn sem ég lendi í nákvæmlega þessu. Aftur og aftur gleymi ég að horfa fram fyrir mig og velja bestu leiðina. Oft er hún lengri en það er eflaust fórnarkostnaður skárri beinbrotum og svöðusárum. Það er ágætt að komast lifandi á áfangastað. Þar sem ég hrundi niður brattann varð mér hugsað til annars hruns og annarrar fjallgöngu. Ég vona sannarlega að stjórnvöld horfi fram fyrir sig og velji skynsamlegustu leiðina.

**ÉG** aftur á móti ætla að halda áfram að æða beint af augum. Það er svo miklu skemmtilegra. Passa bara að velja steinana vel.



**UMDEILDUR** John Casablancas, stofnandi Elite-umboðsskrifstofunnar, er látinn. Hann þótti mjög umdeildur. NORDICPHOTOS/GETTY

# Umdeildur umboðsmaður látinn

## John Casablancas, stofnandi Elite, lést í Brasilíu á laugardag sjötugur að aldri.

Viðskiptajöfurinn John Casablancas lést í Ríó de Janeiro á laugardag, sjötugur að aldri. Casablancas var stofnandi Elite-umboðsskrifstofunnar og hafði mikil ítök í tískuheiminum.

John Casablancas fæddist í New York árið 1942 en sótti menntun sína til Sviss. Hann stofnaði Elite-umboðsskrifstofuna árið 1971 og frá stofnun hennar hafa margar af þekktustu fyrirsætum heims verið á samningi hjá stofunni, þar á meðal Cindy Crawford, Naomi Campbell, Carol Alt, Linda Evangelista, Claudia Schiffer, Andie MacDowell, Kim Alexis, Paulina Porizkova, Iman, Heidi Klum og Gisele Bündchen.

Casablancas var þó nokkuð umdeildur og var þekktur fyrir að eiga í ástarsamböndum við fyrirsætur, sem voru margar undir aldri. Samband hans og hinnar fimmtán ára gömlu fyrirsætu Stephanie Seymour vakti mikla athygli enda var stúlkan ólögráða og Casablancas þá 41 árs gamall og kvæntur.



**MEÐ FLOTTAN RASS** Robbie Williams tjáði Lone Martinsen að hún væri með flottan afturenda áður en hann áritaði svæðið. GETTY/NORDICPHOTOS

# Robbie áritaði rass

## Sænsk stúlka biðlaði til Robbies Williams um að árita á sér afturendann á tónleikum kappans í Gautaborg.

Aðdáandi Robbie Williams bað söngvarann um að árita afturenda sinn á tónleikum kappans í Gautaborg í síðustu viku. Robbie fékk hina sænsku Lone Martinsen upp á svið eftir að hafa séð hana veifa skilti með skilaboðunum „Plís áritaðu rassinn minn svo ég geti breytt árituninni í húðflúr“. Lone var ekki lengi að tilkynna vinum sínum á Facebook að Robbie hefði hrósað henni fyrir flottan afturenda. Lone átti hins vegar erfitt með svefn í kjölfar tónleikanna þar sem hún óttaðist að skemma pennakrotið og ekkert yrði úr húðflúrinu. „Þetta er svo frábært en ég svaf varla neitt. Ég þorði ekki í sturtu og það var svo hrikalega heitt,“ sagði Lone.

# Eignaðist stúlku

Penelope Cruz og Javier Bardem eignuðust sitt annað barn í Madrid á mánudaginn en þá kom lítil stúlka í heiminn. Stúlkan fæddist á sama degi og prinsinn í Bretlandi og því deila börnin afmælisdegi. Stúlkan er annað barn þeirra Cruz og Bardems en fyrir eiga hjónin hinn tveggja ára Leonardo. Parið reynir hvað það getur til þess að halda sér sem mest frá sviðsljósinu. „Ég vil að sonur minn og börn, ef ég eignast fleiri, vaxi úr grasi í eins mikilli fjarlægð frá sviðsljósinu og mögulegt er,“ sagði Cruz eitt sinn í viðtali.



**HAMINGJUSÖM** Penelope Cruz og Javier Bardem hafa nú eignast sitt annað barn saman. GETTY/NORDICPHOTOS

BÍÓ PARADÍS Heimili kvikmyndanna
EUROPA CINEMAS MEDIA-PROGRAMME OF THE EUROPEAN UNION
Kvikmyndamiðstöð ÍSLANDS Icelandic Film Centre
DAGSKRÁIN ER Á WWW.BIOPARADIS.IS OG MIDI.IS



**TÓK ÓHAPPINU VEL** Beyoncé Knowles gantaðist með hárflækjuna á Instagram í gær. GETTY/NORDICPHOTOS

## Hárið flæktist í viftunni

Bandaríska söngdívan Beyoncé Knowles fór á kostum þegar hún kom fram á tónleikum í Montreal í Kanada fyrir skömmu. Hún varð þó fyrir því óhappi að festa hárið í viftu þegar hún söng lagið Halo. Knowles sló þó ekki feilnótu og hélt söngnum áfram.

Hún virtist einnig hafa nokkuð gaman af atvikinu því hún setti myndband af atvikinu og mynd af breyttum texta við lagið Halo, þar sem hún gerði grín að óhappinu, á Instagram-síðu sína. Aðdáendur hennar kættust yfir myndinni og rúmlega 174.000 fylgjendur höfðu smellt „like“ á myndina í gær.

## Amanda Bynes svipt sjálfræði

Leikkonan Amanda Bynes hefur ekki átt sjö dagana sæla undanfarið en undarleg hegðun hennar hefur ýtt undir sögusagnir um að hún eigi við andlega vanheilsu að stríða.

Hún hefur nú verið svipt sjálfræði og lögð inn á geðdeild í Kaliforníu eftir að hafa kveikt í klæðnaði við heimili eldri konu.

Samkvæmt erlendum fjölmiðlum var Bynes handtekin um klukkan 21.00 á mánudag, þar sem hún stóð í innkeyrslu við heimili konunnar.

Við skýrslutöku hjá lögreglu var tekin sú ákvörðun að svipta hana sjálfræði og mun hún gangast undir geðmat á næstu dögum. Lög í Kaliforníu kveða á um að halda megi einstaklingi gegn vilja hans í allt að 72 klukkustundir.



**ÓMÁLUÐ** Lady Gaga birti mynd af sér ómálaðri ásamt skilaboðum til aðdáenda sinna. NORDICPHOTOS/GETTY

## Birti mynd af sér ómálaðri

Lady Gaga birti mynd af sér án farða á umræðusíðu aðdáenda hennar, en þeir kalla sig Little Monsters, eða Smáskrímslin. Myndbirtingin á að vekja athygli á væntanlegri plötu söngkonunnar, Artpop.

Með myndinni voru skilaboð ætluð aðdáendum hennar: „Artpop þegar þeir rífa smáskífuna úr blóðugum höndum mínum. Það er hræðilegt að heimsækja það sem býr undir niðri, sársaukann úr fortíðinni. En það sem ég fann var hrá ástríða. Ég hélt ég væri ónýt að innan en ég er tilbúin í bardagann. Leyfið tónlistinni að byrja,“ skrifaði söngkonan. Fyrsta smáskífa plötunnar er væntanleg þann 19. ágúst en platan sjálf kemur út í nóvember.

# Költ-mynd tekin upp á Íslandi

### Leita að íslenskum leikurum til þess að leika uppvakninga og í áhættuatriði.

Kvikmyndin Dead Snow 2, í leikstjórn Norðmannsins Tommy Wirkola, verður tekin upp hér á landi samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Tökur hefjast eftir verslunarmannahelgi en samkvæmt framleiðanda á vegum Saga Film, sem fer með stjórn verkefnisins hefur ekki verið ákveðið hvar á landinu tökur fara fram.

Talsvert stór hópur fagfólks er hér á landi vegna kvikmyndarinnar en aðalleikarar eru bæði frá Noregi og Bandaríkjunum.

Eskimo Casting sér um leikaraval á Íslandi og fyrirtækið leitar nú að fólki sem hefur áhuga á því að leika í myndinni. Þá vantar áhættuleikara og leikara sem hafa reynslu af bardagaíþróttum. Einnig vantar aukaleikara á öllum aldri til þess að leika uppvakninga. Kvikmyndin er hrollvekja með gamansömu ívafi, eins og fyrsta Dead Snow-myndin.

Andrea Brabin, framkvæmdastjóri Eskimo-Casting, hvetur Íslendinga til að koma í prufur. Prufurnar fara fram í dag og á morgun í húsnæði Eskimo.

„Dead Snow sló í gegn sem költ-mynd en Wirkola leikstýrði henni og skrifaði handritið. Hið sama er upp á teningnum með framhald myndarinnar. Þetta verður hörkuskemmtilegt og ég vona að sem flestir komi í prufur til okkar,“ segir Andrea. - ósk



**HVETUR FÓLK TIL AÐ KOMA Í PRUFUR** Andrea Brabin vill að sem flestir mæti og reyni fyrir sér í leikarabransanum. MYND/ESKIMO



## Skúli Jón mögulega lánaður í B-deildina

**FÓTBOLTI** Skúli Jón Friðgeirsson, leikmaður sænska úrvalsdeildarfélagsins Elfsborg, hefur lítið fengið að spreyta sig með liðinu að undanförnu. Til greina kemur að hann verði lánaður til liðs í sænsku B-deildinni.

Skúli Jón sagði í samtali við Fréttablaðið að enn væri óljóst hvort yrði af þessu en að hann myndi funda með viðkomandi félagi innan skamms.

Elfsborg er sem stendur í fimmta sæti í sænsku úrvalsdeildinni en liðið er ríkjandi meistari í Svíþjóð. Liðið keppti gegn lettneska liðinu Daugava í gær, 4-0, á útivelli. Samanlagt vann Elfsborg stórsigur, 11-1.

Skúli Jón fór ekki með til Lettlands en hann hefur ekkert komið við sögu í sænsku deildinni í ár. Í fyrra spilaði hann alls fimm leiki, þar af einn í byrjunarliði. - esá



## Liðin í botnbaráttunni styrkja leikmannahópinn

**FÓTBOLTI** Í gær bárust fregnir af fjölda erlendra leikmanna sem eru á leið til félaga í neðri hluta Pepsi-deildar karla. Fylkir, ÍA og Víkingur Ólafsvík styrktu öll leikmannahópa sína með erlendum leikmönnum en þessi lið unnu öll leiki sína í síðustu umferð deildarinnar.

Ólafsvíkingar bættu tveimur Spánverjum við leikmannahópinn í gær og verða þeir því alls fimm talsins í sumar. Jónas Gestur Jónasson, formaður knattspyrnudeildar, staðfesti við Fréttablaðið í gær að liðið myndi láta staðar numið nú. Leikmennirnir sem um ræðir eru Sergio Lloves markvörður og Juan Torres sóknarmaður.

Fylkismenn bættu einnig við sig tveimur mönnum; Emil Berger, sem er lánsmaður frá Örebro í Svíþjóð, og Guy Roger Eschmann, Svisslendingi sem á ættir að rekja til Tógó. Hann lék síðast með liði í Ísrael en semur nú við Fylkismenn.

Liðsstyrkurinn er kærkominn fyrir Fylkismenn þar sem liðið mun missa þrjá leikmenn í nám til Bandaríkjanna í næsta mánuði, auk þess sem Andrés Már Jóhannesson snýr til baka til Haugesund í Noregi þann 10. ágúst.

Að síðustu bættu Skagamenn við sig skoskum sóknarmanni að nafni Joshua Watt. Hann var síðast á mála hjá Motherwell í heimalandinu. - esá



**MEÐ FIMM SPÁNVERJA** Ejub Purisevic, þjálfari Víkings Ó. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**MARKIÐ MIKILVÆGA** Björn Daníel Sverrisson fagnaði marki sínu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Vínarborg bíður FH-inga

**FÓTBOLTI** Karlalið FH tryggði sér í gærkvöldi sæti í 3. umferð forkeppni Meistaradeildar Evrópu með 2-1 sigri á Ekranas frá Litháen. FH vann 1-0 sigur í fyrri leiknum ytra. FH mætir Austria frá Vín í næstu umferð.

Sigur gegn Vínarborg myndi tryggja liðinu sæti í umspili um sæti í riðlakeppni Meistaradeildarinnar. Yrði tap niðurstaðan færi FH engu að síður í umspil um sæti í riðlakeppni Evrópudeildarinnar. Fyrri leikurinn fer fram í Vínarborg þann 30. júlí og viku síðar verður leikið í Kaplakrika. -ktd

**visir.is**
Meira um leik gærkvöldsins

# Hef ekki ákveðið mig enn

Sóknarmaðurinn Aron Jóhannsson stefnir á að gera það gott með AZ Alkmaar á sínu fyrsta heila tímabili í Hollandi. Hann á enn eftir að ákveða hvort hann vilji frekar spila með landsliði Íslands eða Bandaríkjanna.

**FÓTBOLTI** Aron Jóhannsson er kominn á fullt með hollenska liðinu AZ Alkmaar og hefur raðað inn mörkum fyrir liðið á undirbúningstímabilinu. Hann verður aðalframherji liðsins að öllu óbreyttu næsta tímabil og ljóst að forráðamenn liðsins hafa tröllatrú á fyrrverandi Fjölnismanninum.

Aron, sem hefur spilað með U-21 landsliði Íslands, á enn eftir að ákveða hvort hann vilji fremur gefa kost á sér í íslenska A-landsliðið en það bandaríska. Aron er fæddur í Bandaríkjunum og er með tvöfaldan ríkisborgararétt.

„Ég er ekki búinn að ákveða mig og hef lítið leitt hugann að þessu,“ segir Aron. „Ég vil fyrst og fremst standa mig vel hér úti og hitt verður bara að koma í ljós.“

Aron hefur áður verið valinn í landsliðið í stjórnartíð Lars Lagerbäck en gat ekki gefið kost á sér vegna meiðsla. Lagerbäck hefur þó margsagt að dyr landsliðsins standi Aroni ávallt opnar.

Tímabilið hefst formlega í Hollandi á laugardaginn er AZ mætir Ajax í Johan Cruyff-bikarnum en þar meistarar og bikarmeistarar síðasta tímabils. Aron kom til AZ frá danska liðinu AGF á síðasta tímabili þar sem hann sló í gegn. Aron kom þó meiddur til Hollands og spilaði ekki sinn fyrsta leik með liðinu fyrr en í marsmánuði.

„Það er svolítið heitt hjá okkur hér úti en annars hef ég það bara gott,“ segir hann í léttum dúr við Fréttablaðið í gær. „Maður kvartar undan kuldanum allan veturinn en svo þegar sumarið kemur þá verður manni of heitt.“

Hann segist vera í toppstandi og að hann finni ekkert fyrir meiðslunum. „Nárinn hefur ekkert verið að angra mig og ég held að ég sé bara í toppstandi.“

Eftir að félagið seldi Bandaríkjamanninn Jozy Altidore eftir síðasta tímabil var ljóst að Aron yrði aðalframherji liðsins. „Það var alltaf planið að selja hann og treysta mér fyrir þessu hlutverki. Auðvitað getur svona lagað breyst en hingað til hefur mér gengið nokkuð vel, þó svo að við höfum verið að spila við misgóð lið í sumar,“ segir hann.

AZ spilaði þó við tvö sterk lið á dögunum, hollenskt B-deildarlið og spænska liðið Getafe. Aron skoraði þrjú mörk í þessum tveimur leikjum. „Það gefur manni aukið sjálfstraust og það er gott að finna fyrir trausti þjálfarans líka. Ég er orðinn mjög spenntur fyrir tímabilinu, enda er planið að gera betur nú en á því síðasta.“

eirikur@frettabladid.is



**ÁBYRGÐARHLUTVERK** Aron verður í aðalhlutverki í framlínu AZ Alkmaar á næsta tímabili eftir að Jozy Altidore var seldur frá félaginu. NORDICPHOTOS/GETTY

POTTURINN STEFNIR Í

100.000.000
+900.000.000

1000
MILLJÓNIR

SUMAROPNUN, SÖLU LÝKUR KL. 16

Fyrsti vinningur stefnir í 100 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 900 milljónir.

**Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**




FITON / SÍA

netto
í sumarskapi

Glútenlaust Fitulaust
Lágkolvetna

# Bylting í baráttunni

Sykurlaust
Glútenlaust
Fitulaust
Lágkolvetna



# DAGSKRÁ



## Stöð 2 kl. 20.25
### New Girl
Önnur þáttaröðin af þessum frábæru gamanþáttum sem fjalla um Jess og þrjá skemmtilega en ólíka sambýlismenn hennar.

## Í KVÖLD



### Breaking Bad
**STÖÐ 2 KL. 23.40** Fimmta þáttaröðin um efnafræðikennarann og fjölskyldumanninn Walter White sem nýtir efnafræðiþekkingu sína í framleiðslu og sölu á eiturlyfjum og sogast inn í hættulegan heim eiturlyfja og glæpa.

TV.COM 9,0 IMDb 9,4



### Psych
**SKJÁR 1 KL. 20.25** Bandarísk þáttaröð um ungan mann með einstaka athyglisgáfu sem aðstoðar lögregluna við að leysa flókin sakamál. Ærsladraugur hrjáir leigjanda í húsi nokkru en hann fær aðstoð frá Shawn og Gus við að leysa málið.

TV.COM 8,9 IMDb 8,3



### The Syndicate
**RÚV KL. 21.00** Líf fimm fátækra starfsmanna í stórmarkaði í Leeds umturnast þegar þau fá stóra vinninginn í lottóinu.

TV.COM 4,7 IMDb 7,1

## FM957 kl. 07.00
### Morgunþátturinn Mario
Nýr morgunþáttur FM957 með þeim Sverri Bergmann og Óla Jóels. Morgunþátturinn Mario er alla virka morgna milli 7 og 10.








## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Malcolm in the Middle** *(8:22)*
**08.30 Ellen** *(6:170)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(32:175)*
**10.15 Glee** *(4:22)*
**11.00 Spurningabomban** *(3:21)*
**11.50 Grey's Anatomy** *(21:24)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Kalli Berndsen – í nýju ljósi** *(6:8)*
**13.25 Covert Affairs** *(8:11)*
**14.10 Chuck** *(6:24)*
**14.55 Last Man Standing** *(3:24)*
**15.15 Big Time Rush**
**15.40 Tricky TV** *(21:23)*
**16.05 Ellen** *(7:170)*
**16.50 Kalli kanína og félagar**
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan** *(22:22)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 The Big Bang Theory** *(21:23)*
**19.35 Modern Family**
**20.00 2 Broke Girls** *(8:24)*
**20.20 New Girl** *(19:25)*
**20.45 Dallas** Önnur þáttaröðin þar sem saga Ewing-fjölskyldunnar heldur áfram.
**21.30 Lærkevej** *(9:10)*
**22.15 Miami Medical** *(5:13)*
**23.00 Revolution** *(17:20)* Hörkuspennandi þættir um heim sem missir skyndilega allt rafmagn og þarf að læra að komast af án þess.
**23.40 Breaking Bad** *(5:8)* Fimmta þáttaröðin um efnafræðikennarann og fjölskyldumanninn Walter White sem nýtir efnafræðiþekkingu sína í framleiðslu og sölu á eiturlyfjum og sogast inn í hættulegan heim eiturlyfja og glæpa.
**00.25 Vice** *(9:10)* Glænýir og áhrifamiklir fréttaskýringaþættir þar sem fjallað er um málefni líðandi stundar um heim allan og þeim gerð góð skil.
**00.55 Grimm** *(15:22)*
**01.40 Fringe** *(17:22)*
**02.25 Eden Lake**
**03.55 Covert Affairs** *(8:11)*
**04.40 Dallas**
**05.25 Barnatími Stöðvar 2**

## POPP TÍVÍ

**19.00 Friends** *(2:24)*
**19.25 Two and a Half Men**
**19.45 The Simpsons** *(8:22)*
**20.10 The O.C.** *(24:27)*
**20.55 The Secret Circle** *(19:22)*
**21.40 The Secret Circle** *(20:22)*
**22.25 Breakout Kings** *(9:13)*
**23.10 Breakout Kings** *(10:13)*
**23.55 The O.C.** *(24:27)*
**00.40 The Secret Circle** *(19:22)*
**01.25 The Secret Circle** *(20:22)*
**02.10 Breakout Kings** *(9:13)*
**02.55 Breakout Kings** *(10:13)*
**03.40 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur, tækni og kennsla **21.00** Veiðin og Bender **21.30** Á ferð og flugi

## SPORT *besta sætið*

**14.35 Stjarnan - KR**
**16.25 Bayern - Barcelona**
**18.30 Meistaradeild Evrópu: Galatasaray - Man. Utd.**
**20.10 Sir Nick Faldo á heimaslóðum**
**20.55 Meistaradeild Evrópu: Juventus - Chelsea**
**22.35 Bayern - Barcelona**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**09.55 Tottenham - Sunderland** BEINT
**12.25 Man. City - South China** BEINT
**16.00 Yokohama Marinos - Man. Utd.**
**17.40 Leikmaðurinn: Eiður Smári Guðjohnsen** Guðmundur Benediktsson stýrir þætti um ensku stórliðin.
**18.20 Preston - Liverpool**
**20.00 Tottenham - Sunderland**
**21.40 Man. City - South China**
**23.20 Yokohama Marinos - Man. Utd.**

## krakkar

**07.00** Lalli **07.05** Lalli **07.10** Refurinn Pablo **07.15** Litlu Tommi og Jenni **07.40** Brunabílarnir **08.05** Svampur Sveinsson **08.25** Dóra könnuður **08.50** Mörgæsirnar frá Madagaskar **09.10** Strumparnir **09.35** Waybuloo **09.55** Áfram Diego, áfram! **10.15** Ærslagangur Kalla kanínu og félaga **11.00** Doddi litli og Eyrnastór **11.10** Latibær *(15:18)* **11.35** Lalli **11.40** Lalli **11.45** Refurinn Pablo **11.50** Litlu Tommi og Jenni **12.15** Svampur Sveinsson **12.35** Dóra könnuður **13.00** Mörgæsirnar frá Madagaskar **13.25** Strumparnir **13.45** Waybuloo **14.05** Áfram Diego, áfram! **14.30** Ærslagangur Kalla kanínu og félaga **15.15** Doddi litli og Eyrnastór **15.25** Latibær *(15:18)* **15.50** Lalli **15.55** Lalli **16.00** Refurinn Pablo **16.05** Litlu Tommi og Jenni **16.30** Svampur Sveinsson **16.50** Dóra könnuður **17.15** Mörgæsirnar frá Madagaskar **17.35** Strumparnir **17.55** Waybuloo **18.15** Áfram Diego, áfram! **18.40** Ærslagangur Kalla kanínu og félaga **19.25** Doddi litli og Eyrnastór **19.35** Latibær *(15:18)*

## GULL

**20.00 Einu sinni var** *(14:22)*
**20.30 Örlagadagurinn** *(7:30)*
**21.05 Grey's Anatomy**
**21.50 Lois and Clark** *(4:22)*
**22.35 Einu sinni var** *(14:22)*
**23.05 Örlagadagurinn** *(7:30)*
**23.35 Grey's Anatomy**
**00.15 Lois and Clark** *(4:22)*
**01.00 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## BÍÓ

**11.25 Big Miracle**
**13.10 Ice Age**
**14.30 Wall Street: Money Never Sleeps**
**16.40 Big Miracle**
**18.25 Iceage**
**19.45 Wall Street: Money Never Sleeps**
**22.00 Be Cool**
**23.55 127 Hours**
**01.30 Death Race 2**
**03.10 Be Cool**

## RÚV

**16.10 Golfið** *(6:13)*
**16.40 Læknamiðstöðin** *(16:22)*
**17.25 Franklín** *(64:65)*
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Fréttir og veður**
**18.20 EM kvenna í fótbolta** *(Undanúrslit)* BEINT
**20.20 EM-stofa**
**20.45 Víkingalottó**
**20.50 Minnisverð máltíð – Ritt Bjerregaard** *(6:7)(En go' frokost)*
**21.00 Lottóhópurinn** *(2:5) (The Syndicate)* Breskur myndaflokkur.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Kvöldstund með Jools Holland** *(Later with Jools Holland)* Tónlistarmenn og hljómsveitir stíga á svið og taka lagið í þætti breska píanóleikarans Jools Holland.
**23.25 Kæri Kaleb** Það er febrúarmorgun í Hafnarfirði: niðamyrkur og nístingskuldi. Kaleb, 14 ára, vekur pabba sinn og biður hann um að skutla sér í skólann. Örlögin taka völdin þegar Vigdís, draumastúlkan hans, sér mynd sem Kaleb teiknaði.
**23.40 Matur hf.** *(Food Inc.)*
**01.10 Fréttir**
**01.20 Dagskrárlok**

## RÚV ÍÞRÓTTIR

***18.20*** *EM kvenna í knattspyrnu, undanúrslit BEINT* ***20.20*** *EM-stofa Umfjöllun um fyrri undanúrslitaleikinn á EM kvenna í knattspyrnu.* ***20.45*** *EM kvenna í knattspyrnu (Undanúrslit) (e)*

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.10 America's Funniest Home Videos** *(8:44)*
**07.35 Everybody Loves Raymond** *(14:25)*
**08.00 Cheers** *(22:22)*
**08.25 Dr. Phil**
**09.10 Pepsi MAX tónlist**
**16.50 The Good Wife** *(7:22)*
**17.35 Dr. Phil**
**18.20 Britain's Next Top Model** *(7:13)*
**19.10 America's Funniest Home Videos** *(9:44)*
**19.35 Everybody Loves Raymond** *(15:25)*
**20.00 Cheers** *(1:25)*
**20.25 Psych** *(11:16)*
**21.10 Blue Bloods** *(22:23)* Vinsælir bandarískir þættir um líf Reagan-fjölskyldunnar í New York þar sem böndum er komið á glæpamenn borgarinnar sem aldrei sefur.
**22.00 Common Law** *(11:12)* Skemmtilegur þáttur sem fjallar um tvo rannsóknarlögreglumenn sem semur það illa að þeir eru skikkaðir til hjónabandsráðgjafa.
**22.45 The Borgias** *(3:10)* Einstaklega vandaðir þættir úr smiðju Neils Jordan um valdamestu fjölskyldu ítölsku endurreisnarinnar, Borgia-ættina.
**23.30 House of Lies** *(5:12)*
**00.00 Leverage** *(8:16)*
**00.45 Lost Girl** *(17:22)*
**01.30 Excused**
**01.55 Blue Bloods** *(22:23)*
**02.45 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **06.30** Opna breska meistaramótið **2013** *(3:4)* **16.00** LPGA Highlights *(10:20)* **17.20** Opna breska meistaramótið **2013** *(3:4)* **02.50** ESPN America

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

# LG ANDROID SNJALLSÍMI Á FRÁBÆRU VERÐI!




LG

**LG L9**

| | |
|---|---|
| Stýrikerfi | Android 4.0.3 Uppfæranlegt í Jelly Bean 4.1 |
| Örgjörvi | 1 GHz Dual-Core |
| Vinnsluminni | 1 GB RAM |
| Innb. minni | 4 GB |
| Minniskort | Já, allt að 32 GB |
| Skjástærð | 4,7" |
| Upplausn | 540x960 pixlar |
| Myndavél | 5MP |
| Þyngd | 125 g |

**39.900**

VERÐ ÁÐUR ~~59.900~~

**ÞÚ SPARAR 20.000**

PIPAR\TBWA • SÍA • 132093

## Brot af vöruúrvali okkar


...are bleyjufata

1.990

Illy X7 kaffihylki

4.990


Select Contra fótbolti

2.495

Of Monster and Men – My Head is an Animal

116.350 TILBOÐ

VERÐ ÁÐUR ~~136.900~~
Weber gasgrill Spirit E310 premium

750

Gastromax ostaskeri

4.995

Sex kíló á sex vi...




**SENDUM FRÍTT HEIM STRAX Í KVÖLD**

innan höfuðborgarsvæðisins*

## Risa vefverslun - aukin þjónusta



Frá því Heimkaup hóf göngu sína hafa þúsundir Íslendinga nýtt sér hversu þægilegt og fljótlegt er að versla á heimkaup.is, enda bjóðum við mikið úrval af vörum á frábæru verði.

Við sendum vöruna til þín frítt* hvert á land sem er og komum vörum til skila sama kvöld ef pantað er fyrir kl. 18. Við bjóðum viðskiptavini líka velkomna í sýningarsal okkar í Turninum, Kópavogi þar sem hægt er að kaupa vörur á staðnum eða sækja vörur sem keyptar eru í vefversluninni.

*Sjá nánar um sendingarmöguleika og skilmála um heimsendingar á heimasíðunni, www.heimkaup.is

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 550 2700

heimkaup.is
Örugg vefverslun
Hagstætt verð
Hraðsending
Sendum um allt land

HEIMKAUP

## GRILLMATURINN



**„Mér finnst best að grilla silung, með glænýjum íslenskum kartöflum og smjöri.“**

Sigríður Thorlacius söngkona.

# Rófubeinsbrot í gæsun Svölu Björgvins

**Svölu Björgvinsdóttur fannst kominn tími til að gifta sig eftir að hafa verið með Einari Egilssyni í tæp 20 ár.**

Svala Björgvinsdóttir mun ganga að eiga unnusta sinn, Einar Egilsson tónlistarmann, þann 27. júlí næstkomandi.

Einar og Svala hafa verið saman í tæp tuttugu ár.

„Við erum búin að búa saman síðan janúar 2002 en byrjuðum að vera saman árið 1994. Það var kominn tími á að gifta sig,“ segir Svala létt í bragði. Foreldrar brúðhjónanna tilvonandi hafa lagt þeim lið við skipulagningu veislunnar og hefur tengdafaðir brúðarinnar meðal annars annast skipulagningu brúðkaupsins. „Þau hafa verið að skipuleggja þetta með okkur og við hefðum aldrei getað haldið brúðkaup og planað það án þeirra,“ segir Svala.

Svala var gæsuð á laugardaginn síðastliðinn af vinkonum sínum en þar á meðal voru þær Rebekka Jónsdóttir, betur þekkt sem fatahönnuðurinn REY, og Margrét Gauja Magnúsdóttir, forseti bæjarstjórnar Hafnarfjarðar.

Heimildir Fréttablaðsins herma að vel hafi farið á með vinkonunum, sem skemmtu sér í Hallargarðinum í Reykjavík og fóru á svokallaðar Segway-skutlur svo eitthvað sé nefnt.

Það fór þó ekki betur en svo að ein vinkonan í hópnum, Dröfn Ösp Snorradóttir-Rozas pistlahöfundur, datt af skutlunni og rófubeinsbrotnaði í miðri gæsun.

- ósk



**GANGA Í ÞAÐ HEILAGA** Einar Egilsson og Svala Björgvinsdóttir ganga að eiga hvort annað á laugardaginn næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




# Súpudrottning í Framsóknarhúsinu

**Íris Hera Norðfjörð hefur fest kaup á fyrstu hæð Framsóknarhússins á Hverfisgötu. Hún stefnir að því að reka tvo súpustaði í einu og sama hverfinu.**

Eigandi veitingastaðarins Kryddlegin hjörtu, sem er til húsa við Skúlagötu í Reykjavík, færir nú út kvíarnar og opnar annan eins stað í Framsóknarhúsinu á Hverfisgötu.

Íris Hera Norðfjörð, súpugerðardrottning, matarskáld og eigandi staðarins, vinnur nú hörðum höndum að því að innrétta nýja staðinn sjálf og hyggst opna staðinn í næstu viku.

„Ég lét ævilangan draum minn rætast þegar ég opnaði Kryddlegin hjörtu í kreppunni,“ útskýrir Íris og bætir við að hún hafi orðið fyrir hugljómun á þessum tíma. „Ég fór á námskeið hjá fyrirlesaranum Tony Robbins, en hann hjálpaði mér að sjá lífið í allt öðru ljósi,“ bætir Íris við. Hún hafði verið öryrki í fjögur ár er hún fór að reka súpustaðinn.

Upprunalegi staðurinn var opnaður árið 2008 en veitingastaðurinn sérhæfir sig í heilsusamlegum súpum sem notið hafa mikilla vinsælda.

Íris ákvað að flytja staðinn um set þegar eigendur hússins sem hýsir upprunalega staðinn ákváðu að hækka leiguna um 200 þúsund á einu ári. „Leigan á Skúlagötunni hefur hækkað um þriðjung eftir að nýir eigendur keyptu húsið og því fór ég að litast um eftir nýju húsnæði,“ segir Íris sem festi kaup á fyrstu hæð Framsóknarhússins í mars síðastliðnum.

Íris áttaði sig seint á því að hún var samningsbundin með himinháa leigu út sumarið 2014 og stendur því uppi með tvö húsnæði og einn stað. „Það var ekkert annað í stöðunni en að láta slag standa og reka tvo staði í sama hverfinu,“ segir Íris bjartsýn á framtíðina.

„Þótt þetta hafi verið erfið fæðing finn ég að þetta verður æðislegt. Ég er búin að sjá um þetta allt sjálf og veit að þetta á eftir að ganga vel.“

lovisa@frettabladid.is



**SÚPUGERÐARDROTTNING OG MATARSKÁLD** Íris Hera Norðfjörð ætlar að reka tvo súpustaði í sama hverfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## Viðurkenningar fyrir súpurnar

- Kryddlegin hjörtu lenti nýlega í fyrsta sæti hjá íslenska tímaritinu Grapevine fyrir bestu súpurnar í Reykjavík.
- Einnig fékk veitingastaðurinn verðlaun hjá alþjóðlega fyrirtækinu Trip Advisor, sem vinnur að því að meta og gefa ferðamannastöðum einkunnir. Þar lentu Kryddlegin hjörtu í fjórða sæti sem besti veitingastaður á Íslandi, af 240 stöðum.
- Staðurinn hefur verið til húsa á Skúlagötu 17 í Reykjavík síðan árið 2008 en nú verður annar eins staður opnaður á Hverfisgötu 33.

# Eins og litskrúðug gjöreyðing

**Leikjafyrirtækið Fancy Pants Global sendir frá sér tölvuleikinn Zorblobs.**

„Leikurinn snýst í raun um greindarskertar geimverur sem svífa niður til jarðar og byrja að éta allt sem að kjafti kemur,“ segir Viggó Ingimar Jónasson hjá leikjafyrirtækinu Fancy Pants Global. Fyrirtækið hefur hannað leik fyrir iPhone og iPad en leikurinn minnir einna helst á teiknimynd og nefnist Zorblobs. „Spilarinn reynir að verja sig með því að skjóta úr fallbyssu og reynir þannig að bjarga mannkyninu frá gjöreyðingu. Þetta er samt ekki mjög alvarlegt konsept, þetta er meira eins og litskrúðug gjöreyðing,“ segir Viggó.

Fyrirtækið Fancy Pants Global var stofnað fyrir nokkrum árum. Fyrsti tölvuleikurinn sem fyrirtækið framleiddi, Maximus Musicus, var tilnefndur til tveggja verðlauna á norrænu leikjahátíðinni Nordic Game árið 2011. „Í kjölfarið fórum við svo að tala um að okkur langaði mikið að gera eitthvað með geimverum og uppvakningum. Zorblobs hefur mótast í kerfinu í um það bil tvö ár. Loksins tókst okkur að gefa leikinn út og við erum mjög lukkuleg með það,“ segir Viggó.

Hann segir jafnframt að fyrirtækið bindi vonir við tölvuleikinn. „Við lögðum mikið upp úr því að skapa sögu í kringum þetta. Eftir nokkrar vikur ætlum við að gefa út fylgiforrit með leiknum sem verður fyrir iPad. Þar verður hægt að búa til sína eigin karaktera sem svo er hægt að skella á Facebook. Við verðum svo með samkeppni um hverjir búa til besta karakterinn og þegar við uppfærum leikinn fær karakterinn að fljóta með,“ segir Viggó.

- ka



**FLOTT TEYMI** Fyrirtækið Fancy Pants Global hefur sent frá sér tölvuleikinn Zorblobs. Viggó Ingimar sést hér klæddur eins og karakter úr leiknum.

Eina sérverslun landsins
með grill og garðhúsgögn

# Grillbúðin



www.grillbudin.is









**Komdu og fáðu ráðleggingar**

# Grillbúðin

**Smiðjuvegi 2, Kópavogi | S. 554 0400 | Við hliðina á BÓNUS | grillbudin.is**

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póstdreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060




## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Loksins gengin út

**Hrefna Rósa Sætran**, matreiðslumaður og veitingahúsaeigandi, og unnusti hennar, Björn Árnason ljósmyndari, eru trúlofuð. Hrefna tilkynnti trúlofunina á Facebook í vikunni. Hrefna setti mynd af glæsilegum trúlofunarhring sem Björn gaf henni á Facebook-síðu sína með orðunum: „Loksins gengin út.“ Þau Hrefna og Björn eignuðust sitt annað barn nú á dögunum. Athöfnin verður haldin næsta sumar og ríkir mikil spenna meðal vina og ættingja, enda eru þau þekkt fyrir mikla gestrisni og höfðingsskap.



- ósk

### Hætt saman

**Saga Sigurðardóttir** ljósmyndari og Erling Egilsson, sem oftast er kenndur við hljómsveitina Steed Lord, eru hætt saman. Saga og Erling voru par í átta ár og bjuggu saman úti í London þar sem Saga hefur átt mikilli velgengni að fagna síðustu ár, en hún hefur meðal annars tekið myndir fyrir tískuvöruverslunina Topshop. Erling hætti nýlega í Steed Lord, sem starfar í Los Angeles, og fluttist til Sögu í kjölfarið til að einbeita sér að grafískri hönnun í London. Nú er Erling hins vegar fluttur til Reykjavíkur eftir að hann og Saga slitu samvistum.



- le

### Mest lesið vísir

1 Sjálfsvígsvaktin brást á réttargeðdeildinni
2 Aldraður maður fékk ekki laust elliheimilispláss – dvaldi fjarri heimabyggð
3 Nakin og ómáluð
4 Nefhjól Boeing 737-flugvélar brotnaði
5 Seljavallalaug ein af bestu sundlaugum veraldar




